*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

**2. gr. orðist svo:**

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunar-deild.

## 2. gr.

## 3. gr. orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum.

Réttindi í hinn almennu deild sjóðsins eiga öll fiskiskip án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegu afurðunum úr aflanum útflutningsgjald.

## 3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

## III. KAFLI

## Verðjöfnunardeild.

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, verðjöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og heina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur verðjöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum verðjöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur verðjöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi verðjöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

## 4. gr.

Greinaröð og kaflaheiti laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. gr.

## 5. gr.

2. tl. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins nemi 40% af tekjum hennar skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

## 6. gr.

Eignir almennu deilda bátaflotans og togaraflotans svo og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 80 16. september 1971, skulu renna til almennu deildar sjóðsins.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla, sem landað er á árunum 1980 og 1981.

*Gjört í Reykjavík 1. febrúar 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Kjartan Jóhannsson.*

8. febrúar 1980.

7

Nr. 5.

## AUGLÝSING

### um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

**Gunnar Thoroddsen** fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

**Ólafur Jóhannesson** fer með utanríkisráðuneytið.

**Pálmi Jónsson** fer með landbúnaðarráðuneytið.

**Friðjón Þórðarson** fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

**Steingrímur Hermannsson** fer með sjávarútvegsráðuneytið og samgönguráðuneytið.

**Tómas Árnason** fer með viðskiptaráðuneytið.

**Ingvar Gíslason** fer með menntamálaráðuneytið.

**Ragnar Arnalds** fer með fjármálaráðuneytið.

**Svavar Gestsson** fer með félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

**Hjörleifur Guttormsson** fer með iðnaðarráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 8. febrúar 1980.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1980

---

Nr. 6.

8

14. febrúar 1980.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 31. desember 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. gr. laga nr. 98 1979 til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1980, skal gilda til 3. apríl 1980.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf í sama tilgangi.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 5 600 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 14. febrúar 1980.*

(L. S.)

**Kristján Eldjárn.**

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo:

Við skráningu skal afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignaraðildar, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „Félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tölul. 4. gr.“ í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna komi: Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 6. tl. 4. gr.

#### 3. gr.

a) 5. tl. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir lógaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

b) Við 4. gr. laganna bætist nýr tölulíður, er verði 6. tl. og orðist svo:

Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tl. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.

#### 4. gr.

a) 1. málslíður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

b) Í stað orðanna „nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun“ í 2. málslíð 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir.

c) Úr 1. málslíð 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna falli orðið „lífeyri“.

d) 3. málslíður 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna orðist svo:

Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum,

vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga.

e) B-liður 7. gr. laganna orðist svo:

Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

f) Í stað „111. gr.“ í 2. mgr. 2. tl. C-liðs 7. gr. laganna komi: 116. gr.

g) Í 6. tl. C-liðs 7. gr. laganna falli orðin „og talin þar til rekstrarútgjalda“ brott.

#### 5. gr.

a) Í stað orðanna „verðbætur á afborganir“ í 2. málslíð 1. tl. 8. gr. laganna komi orðin: verðbætur á höfuðstól.

b) 2. og 3. málslíður 1. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.

c) Orðin „þannig reiknuðum“ í 2. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.

d) Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Til tekna sem verðbætur og gengishagnaður af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti.

#### 6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

#### 7. gr.

4. málslíður 1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirferanleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

#### 8. gr.

a) Á eftir 1. málslíð 2. mgr. 14. gr. laganna komi nýr málslíður er orðist svo:

Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakir fyrningu samkvæmt 3. mgr. 44. gr., skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs.

b) 2. málslíður 2. mgr. 14. gr. laganna (er verði 3. málslíður) orðist svo:

Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs.

c) 4. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðefum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðast liðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir

eigin íbúð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufræslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

## 9. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári. og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr.

## 10. gr.

a) Í stað orðanna „eftirfarandi maka“ í 1. mgr. 16. gr. laganna komi orðin: eftirlifandi maka.

b) Aftan við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo:

Selji maður íbúðarhúsnæði innan árs frá því að hann keypti annað húsnæði eða innan tveggja ára frá því að hann hóf byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, skal við ákvörðun á heildarrúmmáli íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda við sölu miða við það heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis er var í eigu seljanda áður en hann keypti nýrra húsnæði eða hóf byggingu þess, enda sé söluandvirðinu varið til fjármögnunar á hinu nýja húsnæði.

c) 3. og 4. málslíður 2. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinnar nýju eignar. Ef eignarinnar er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn, framreiknaður, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist.

d) Við 7. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðist svo:

Ákvæði greinarinnar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs.

## 11. gr.

Í stað orðsins „óeðlileg“ í 2. mgr. 24. gr. laganna komi orðin: verulega frábrugðin því sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða.

## 12. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr tölulíður sem verði 8. tl. og orðist svo:

Endurmatshækkun fyrnanlegra eigna samkvæmt ákvæðum laga þessara né matshækkun búfjár samkvæmt 2. tl. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

## 13. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

## 14. gr.

- a) Í stað „115. gr.“ í 6. tl. A-liðs 30. gr. laganna komi: 120. gr.
- b) 1. tl. B-liðs 30. gr. laganna orðist svo:  
Vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður skv. 8. gr. enda séu tekjur þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
- c) 2. og 4. tl. B-liðs 30. gr. laganna falli niður og breytist röð annarra töluliða þess stafliðs samkvæmt því.
- d) Í stað „1600 kr.“ í 1. málslið 1. mgr. 1. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 2700 kr.
- e) 1. málsliður 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna orðist svo:  
Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri og skal hann nema helmingi af þeim tekjum, sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hefur verið dreginn frádráttur skv. 1.—5. tl. A-liðs þessarar greinar, enda hafi þeir stundað nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu.
- f) Í stað „260 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 430 000 kr.
- g) Í stað „185 000 kr.“ í 2. málslið 4. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 306 000 kr.
- h) Í stað „40 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. D-liðs 30. gr. laganna komi: 66 000 kr.
- i) 1. tl. E-liðs 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðskulda til þriggja ára eða lengri tíma sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Sama gildir um vaxtagjöld vegna annarra skulda sem sannanlega er stofnað til vegna kaupa eða nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, en slík vaxtagjöld er þó aðeins heimilt að draga frá tekjum á næstu tveimur skattárum talið frá og með kaupári eða á næstu fjórum árum talið frá og með því skattári sem bygging er hafin á.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið má aldrei vera hærri en nemur þeirri fjárhæð sem þau vaxtagjöld, er um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðs, eru umfram vaxtatekjur samkvæmt 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr. og aldrei má frádráttur þessi nema hærri fjárhæð en 1 500 000 kr. Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra.

- j) Í stað „5000 kr.“ í 2. tl. E-liðs 30. gr. laganna komi: 10 000 kr.
- k) Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. hennar og orðist svo:  
Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tl. A-liðs 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tl. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

## 15. gr.

- a) 3. tl. 31. gr. laganna orðist svo:  
Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
- b) Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tl. og breytist röð 4.—6. tl. til samræmis við það. Hinn nýi töluliður orðist svo:  
Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 10% og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.
- c) Niður falli orðin „og verðbætur“ í 4. tl. 31. gr. laganna, sem verður 5. tl.
- d) 6. tl. 31. gr. laganna, er verði 7. tl., orðist svo:  
Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar skv. ákvæðum 26. gr., sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 54. gr., enda

hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

e) 7. tl. 31. gr. laganna falli niður.

#### 16. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Fyrning skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður 8%.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.
3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl. 12%.
4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulíð eftir notkun, gerð eða byggingar efni, þó eigi hærra en 6%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulíð má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr. 20%.

Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulíð er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulíð er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

#### 17. gr.

3. málslíður 39. gr. laganna orðist svo:

Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

#### 18. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

#### 19. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 700 000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

#### 20. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Við sölu eigna, sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 40. og 41. gr., telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

## 21. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

## 22. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.

Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundradshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundradshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum. Fyrirframfyrning samkvæmt þessari málsgrein og 2. másl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkvæmt 53. gr. vegna viðkomandi árs.

Drátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirlærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

## 23. gr.

43. gr. laganna verði 45. gr.

## 24. gr.

2. málsliður 48. gr. laganna orðist svo: Ákvæði 40. og 41. gr. eiga þá ekki við.

## 25. gr.

- a) Í stað orðanna „verðbætur á afborganir“ í 3. málslið 1. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna komi orðin: verðbætur á höfuðstól.
- b) 2. málsliður 1. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
- c) Orðin „þannig reiknuðu“ í 2. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
- d) 3. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
- e) Við 2. mgr. 51. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

## 26. gr.

Í stað orðanna „vegna lagabrota skattaðila sjálfs“ í 1. málslið 2. tl. 52. gr. laganna komi orðin: vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs.

## 27. gr.

Inn í lögina bætist ný grein á undan IV. kafla laganna er verði 53. gr. Jafnframt verði 53. gr. laganna 54. gr. Hin nýja grein með fyrirsögn orðist svo:

## Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga

## 53. gr.

Hjá þeim aðilum, er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, sem rekstrinum eru tengdar, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari.

Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra, er um ræðir í 3. mgr., og skulda þeirra, er um ræðir í 4. mgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda skv. 1. mgr. 1. tl. 31. gr. séu eignirnar hærri, en til tekna skv. B-lið 7. gr. séu skuldirnar hærri.

Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkunarir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkunarir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkunarir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum. Helmingur af matsverði bústofns telst til eigna við útreikning þennan. Niðurfærsla skv. 4. tl. og 2. mgr. 5. tl. 74. gr. skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Ógreidd hlutafjárloforð og skuldir og inneignir eignar- aðila sameignarféлага, sbr. 3. tl. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan. Ekki teljast heldur til skulda í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á innlagðar afurðir mjólkurbúa og sláturhúsa. Hjá mönnum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki með í þessu sambandi skuldir og inneignir þeirra hjá atvinnurekstrinum og ekki heldur skuldir og eignir þessara aðila sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þegar skuldir skattaðila skv. 4. mgr. þessarar greinar eru hærri en heildar- eignir hans, sbr. 73. gr., skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er skattalegt tap ársins eða ójöfnuð töp frá fyrri árum.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Færslu til tekna eða gjalda samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í byrjun reikningsárs.

## 28. gr.

Í stað orðanna „sbr. 6. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 53. gr. laganna, er verði 54. gr. þeirra, komi: sbr. 7. tl. 1. mgr. 31 gr.

## 29. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Það telst m. a. skattskyld ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarféлага eða sam- laga, stjórnendum þessara féлага eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða



öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur friðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er hærra en svarar til 10% af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs eftir að tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.

2. Kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði. Skulu skattyfirvöld þá meta hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismunur kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst skattskyld ráðstöfun úr varasjóði.

Nú ráðstafar aðili fé úr varasjóði á einhvern þann hátt sem greinir í 1. mgr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 54. gr., þó eigi hærrí fjárhæð en nemur varasjóði í lok tekjuársins að viðbættu 25% álagi skv. 54. gr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

#### 30. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóri“ í 1. og 3. málslíð 61. gr. laganna komi orðið: skattstjóri.

#### 31. gr.

Í stað orðanna „6. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tl. 62. gr. laganna komi: 7. tl. 1. mgr. 31. gr.

#### 32. gr.

- a) 3. málslíður 2. tl. 1. mgr. 63. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr., velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

- b) Inn í 63. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Nemi heildarfrádráttur, er um ræðir í 1. og 2. tl. 1. mgr., hærrí fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær, er um ræðir í 1., 2. og 3. tl. 1. mgr., skal það, sem umfram er, dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

#### 33. gr.

- a) 3. málslíður 1. mgr. 64. gr. laganna orðist svo:

Um útreikning tekjuskatts og ónýtt persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 70. gr., en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað eða skilnaður eða sambúðarslit fóru fram eða maki andaðist.

- b) Í stað „2. mgr. 63. gr.“ í 4. málslíð 1. mgr. 64. gr. laganna komi: 3. mgr. 63. gr.
- c) Á eftir 5. málslíð 1. mgr. 64. gr. laganna komi nýr málslíður er orðist svo:

Þá er hjónum, sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu, heimilt að telja fram allar tekjur sínar á því ári sitt í hvoru lagi.

#### 34. gr.

- a) 5. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður og breytist númer annarra tölulíða til samræmis við það.

- b) Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr tölulíður er verði 7. tl. og orðist svo:

Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

#### 35. gr.

Í stað „2. mgr. 63. gr.“ í 5. mgr. 69. gr. komi: 3. mgr. 63. gr.

## 36. gr.

- a) 3. tl. 74. gr. laganna orðist svo:

Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.

Lausafé manna, sem ekki er heimilt að fyrna og ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skal telja til eignar á upphaflegu kaup- og kostnaðarverði án endurmats.

- b) 2. málslíður 4. tl. 74. gr. laganna orðist svo:

Þó skal heimilt að draga allt að 10% frá þannig reiknuðu matsverði.

- c) 5. tl. 74. gr. laganna orðist svo:

Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinn eignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptaskulda er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.

## 37. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðist svo:

Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs.

## 38. gr.

78. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

## 39. gr.

89. gr. laganna orðist svo:

## Ríkisskattanevnd

Fjármálaráðherra skipar sex menn í ríkisskattanevnd og hefur nefndin aðsetur í Reykjavík og skulu tveir nefndarmanna hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fer um heimild þeirra til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954. Fjármálaráðherra skipar annan þessara manna formann nefndarinnar, en hann skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattarétti og skattamálum. Um skipunartíma þeirra tveggja nefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, fer eftir

almennum reglum um skipun opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1954. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til sex ára í senn.

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þrír nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Jafnan skal annar hinna fastráðnu nefndarmanna taka þátt í úrlausn hvers máls og ætíð skal löglærður nefndarmaður úrskurða í hverju máli.

Eigi má maður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

#### 40. gr.

Á 91. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a) Í stað „skv. 5. og 6. tl. 4. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skv. 5. tl. 4. gr.

b) 4. mgr. falli niður.

#### 41. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 91. gr. og 92. gr.“ í 5. mgr. 93. gr. laganna komi: 92. gr.

#### 42. gr.

Á 94. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a) 1. mgr. orðist svo:

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skatt-yfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar verða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og verða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með henni.

b) 4. mgr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

#### 43. gr.

Á 96. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a) 3. mgr. orðist svo:

Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað skattaðila, framteljanda eða umboðsmanns hans má þó skattstjóri gera breytingarnar án þess að tilkynna um þær.

b) Inn í greinina komi ný málsgrein, er verði 4. mgr. og orðist svo:

Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal gæta ákvæða 3. mgr. eftir því sem við á og senda tilkynningu um breytinguna í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal þó eigi send viðkomandi innheimtumanni fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi breytingin verið kærð, sbr. 99. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

#### 44. gr.

Á 98. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a) 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Eigi síðar en 30. júní skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. Senda skal hverj-

um skattaðila tilkynningu um þá skatta er á hann hafa verið lagðir samkv. lögum þessum. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lög- birtingablaði, að álagningu sé lokið. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

b) 2. mgr. greinarinnar falli niður.

#### 45. gr.

Á 1. mgr. 99. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a) 1. málslíður orðist svo:

Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun.

b) 2. málslíður orðist svo:

Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu er lokið skv. 1. mgr. 98. gr., skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki.

#### 46. gr.

10. mgr. 100. gr. laganna orðist svo:

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla.

#### 47. gr.

108. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðist svo:

#### Málsmeðferð og opinber rannsókn. Fyrningarreglur

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. eftir því sem við á og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum ríkisskattanefndar. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um skatta skv. lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

#### 48. gr.

109. gr. laganna falli niður.

## 49. gr.

Inn í lögina bætist nýr kafli er verði XIII kafli þeirra. Greinar þessa nýja kafa verði 109.—114. gr. laganna og breytist tölusetning þess kafa og þeirra greina, er eftir koma, samkvæmt því. Hin nýi kafli orðist svo:

XIII KAFLI  
INNHEIMTA OG ÁBYRGÐ

Innheimtuaðilar

## 109. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.—4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að fela öðrum aðila en lögreglustjóra innheimtu skatta samkvæmt lögum þessum í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

Þá er fjármálaráðherra, sveitarstjórnunum og forráðamönnum annarra opinberra stofnana heimilt að semja svo um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Fjármálaráðherra skal setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd slíkrar sameiginlegrar gjaldheimtu, m. a. um samræmingu gjalddaga einstakra opinberra gjalda sem innheimt verða með þessum hætti, um samræmingu dráttarvaxtareglna og um skyldur launagreiðenda.

Gjalddagar

## 110. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans gæta tekjubreytinga, sem orðið hafa, svo og almenns efnahagsástands.

Hafi tekjur gjaldanda á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrir en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á tekju- og eignarskatti sínum fyrir brottför af landinu.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í þessari grein á fyrirframinnheimtu annarra þinggjalda.

## 111. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu

hans. Víkja má frá þessu, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða fellur niður skal endurgreiðsla þegar fara fram.

### Vextir

112. gr.

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða rikissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur eða við endurákvörðun skatta, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu rikissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

### Skyldur launagreiðanda

113. gr.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr, skulu senda innheimtumanni skrá um alla launþega sína. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. frá þeim degi sem skila átti fénu til innheimtumanns.

### Ábyrgð á skattgreiðslum

114. gr.

Hjón, sbr. 63. og 81. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður rikissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta skatts er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur og eign hvors hjóna.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.

Þeir, sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrir en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið greiddir bera skilaneftarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á skatti, til tryggingar þeim sköttum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr., setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

#### 50. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:

Yfirfæranleg rekstrartöp, sem myndast hafa fyrir ársbyrjun 1979, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, skal heimilt að flytja milli ára og draga frá tekjum, sbr. ákvæði 7. töluliðs 1. mgr. 31. gr., og skulu þau framreiknuð með sama stuðli og gildir um tap ársins 1979.

#### 51. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:

Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Hafi gengistap eða verðbætur af skuldum verið fært til hækkunar heildarfyrningarverði eigna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal það ekki teljast til kostnaðarverðs í þessu sambandi og fer um meðferð þess eftir ákvæði til bráðabirgða VII.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundradshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr., eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1978. Auk þessara fyrninga reiknast til frádráttar áður fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og skulu þær margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærrí en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. þessara laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs í þessu sambandi.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. þessara laga fyrir ársbyrjun 1964 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofn-

verðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga, þannig framreiknaðra, telst fengin heildarfyrning. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, með síðari breytingum, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem rikisskattstjóri ákveður.

Á árinu 1979 skal útreikningur skv. 53. gr. miðast við verðbreytingarstuðul þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færast í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

#### 52. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V orðist svo:

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr., sem skattaðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1964, eru seldar, skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

#### 53. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða VII og orðist svo:

Þann hluta gengistaps eða verðbóta, sem fallið hefur á skuldir fyrir gildistöku laga þessara og enn er ógjaldfærður, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal gjaldfæra sérstaklega án endurmats með sama hætti og gert hefur verið samkvæmt eldri lögum. Þó skal skattaðila jafnan vera heimilt að gjaldfæra eftirstöðvarnar með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1979.

Ákvæði þetta gildir um gengistap og verðbætur hvort sem það hefur verið fært til hækkunar á heildarfyrningarverði eða fyrnt sérstaklega.

Gengistap og verðbætur, er um ræðir í þessu ákvæði, skulu ekki teljast til skattskyldrar eignar.

#### 54. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða VIII og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 4. tl. 74. gr. skal heimilt að færa matsverð vörubirgða í árslok 1979 niður um 25%. Síðan skal hámark niðurfærsluheimildarinnar lækka um 5% árlega uns 10% markinu er náð í árslok 1982.

#### 55. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða IX og orðist svo:

Hafi skattaðili fyrir gildistöku laga þessara notað heimild í 11. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971 til frestunar skattlagningar söluhagnaðar og slíkur hagn-



11. Knattspyrnufélagið Fram, skíðalyfta .....	200	
12. Reykjavíkurborg, setlaug (2) og breyt. á Sundh. Rvíkur .....	300	
13. Umf. Visir, Hvalfjarðarstrandarhreppi, íþróttavöllur .....	100	
14. Borgarnes, vallahús .....	300	
15. Umf. Álfanes- og Hraunhrepps, Mýr., íþróttavöllur .....	100	
16. Golfklúbbur Ísafjarðar, golfvöllur og vallahús	200	
17. Bolungarvík, grasvöllur og vallahús .....	300	
18. Suðurfjarða-, Tálknafjarða- og Patrekshreppur, I. áf. skíðamiðstöðvar á Hálfðáni .....	400	
19. Umf. Grettir, Ytri-Torfustaðahreppi, endurbyggð sundl. ....	400	
20. Siglufjörður, lokaframkvæmdir við sundhöll ..	200	
21. Blönduós, A.-Hún., búnings- og baðklefar .....	400	
22. Skíðafélag Dalvíkur, Dalvík, troðari og lýsing	200	
23. Akureyri, hlaupabraut .....	200	
24. Húsavík, II. áfangi við grasvöll .....	200	
25. Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., íþróttavöllur ...	100	
26. Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., skíðalyfta .....	100	
27. Ungm.- og íþróttasamb. Austurlands, héraðsv. að Eiðum .....	300	
28. Seyðisfjörður, íþróttavöllur .....	200	
29. Fljótshlíðarhreppur, Rang., íþróttavöllur .....	100	
30. Selfoss, stækkun búnings- og baðkl. við sundhöll Selfoss .....	340	
		6 640
<b>i. Íþróttamannvirki að hluta til skólamannvirki:</b>		
1. Miðneshreppur, íþróttahús í Sandgerði .....	1 300	
2. Keflavík, íþróttahús .....	1 300	
3. Garðabær .....	1 500	
4. Kópavogur .....	1 000	
5. Seltjarnarnes, sundlaug .....	1 000	
6. Mosfellshreppur, íþróttahús .....	1 500	
7. Borgarnes, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug ..	1 500	

	Pús. kr.	Pús. kr.
8. Grundarfjörður, sundlaug og íþróttahús .....	1 400	
9. Hvammstangahreppur, sundlaug, búningsklefar og böð .....	1 000	
10. Akureyri, íþróttahús .....	1 000	
11. Hrafnagilshr. o. fl., íþróttahús við Hrafnagilsskóla .....	1 500	
12. Húsavík, íþróttahús .....	1 000	
13. Raufarhafnarhreppur, I. áf., sundlaug og íþróttahús .....	1 000	
14. Egilsstaðahreppur, íþróttahús .....	1 000	
15. Hafnarhreppur, íþróttahús .....	1 000	
16. Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss .....	500	
17. Vestmannaeyjar, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug .....	1 500	
	<hr/>	20 000
		<hr/>
		497 640

## 8. Fyrirhleðslur (04 286 0103).

## a. Til fyrirhleðslna:

1. Klifandi og Hafursá .....	1 000
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará .....	3 500
3. Þverá og Markarfljót .....	14 000
4. Markarfljót við Seljaland .....	1 000
5. Jökulsá í Lóni .....	1 000

20 500

## b. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar að:

1. Aurá hjá Núpstað .....	500
2. Laxá hjá Kálfafelli .....	1 000
3. Eldvatn hjá Hnausum .....	300
4. Kúðafljót .....	2 000
5. Skálm hjá Skálmabæ .....	200
6. Hafursá og Klifandi (vatnafélag) .....	4 000
7. Ár undir Eyjafjöllum .....	2 000
8. Þjórsá í Skeiðahreppi .....	2 000
9. Stóra-Laxá .....	500
10. Hvítá við Fjall .....	500
11. Sandá við Svinárnes .....	500
12. Kaldakvísl hjá Laxnesi .....	300
13. Bugða hjá Káranesi .....	300
14. Norðurá í Norðurárdal .....	2 500
15. Stóra-Langadalsá .....	500
16. Hörðudalsá .....	1 200
17. Tungná í Miðdölum .....	300
18. Miðá .....	100
19. Hvalsá .....	200
20. Hundadalsá .....	100
21. Laxá .....	200
22. Gufudalsá .....	600
23. Múlaá, Laugarbólsdal .....	1 100
24. Viðidalsá .....	1 500
25. Giljá .....	700
26. Blanda .....	800
27. Laxá hjá Þorbjargarstöðum .....	400

	Pús. kr.	Pús. kr.
28. Svartá .....	600	
29. Norðurá hjá Egilsá .....	500	
30. Mælifellsá hjá Nautabúi .....	500	
31. Hörgá .....	2 500	
32. Eyjafjarðará .....	2 000	
33. Nípa .....	200	
34. Jökulsá í Fljótsdal .....	5 000	
35. Sléttuá í Reyðarfirði .....	2 000	
36. Dalsá í Fáskrúðsfirði .....	2 500	
37. Laxá í Nesjum .....	2 000	
38. Hoffellsá .....	500	
39. Hornafjarðarfljót .....	6 200	
	<hr/>	48 800
c. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar að, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Suðurlandskjördæmi .....	1 700	
2. Reykjaneskjördæmi .....	800	
3. Vesturlandskjördæmi .....	500	
4. Norðurlandskjördæmi vestra .....	1 200	
5. Norðurlandskjördæmi eystra .....	1 500	
6. Austurlandskjördæmi .....	3 000	
	<hr/>	8 700
		<hr/>
		78 000
<b>9. Landþurrkun (04 286 0104).</b>		
1. Araós, Öxarfirði .....	600	
2. Út-Hjaltastaðapínghá .....	400	
3. Leiðvallarhreppur .....	400	
4. Dyrhólaós .....	6 000	
5. Holtsós .....	500	
6. Austur-Landeyjar .....	250	
7. Vestur-Landeyjar .....	250	
8. Djúpárhreppur .....	400	
	<hr/>	8 800
<b>10. Landspítali, fjárfestingar (08 371 6).</b>		
1. Geðdeild, þar með talin taugadeild .....	250 000	
2. Göngudeild, Hátún .....	6 000	
3. Símtöð .....	26 000	
4. Sjúkramóttaka, tengingar og færsla deilda .....	180 000	
5. Tækjakaup .....	140 000	
6. Sumargjöf .....	35 000	
7. Endurbygging fæðingardeildar .....	70 000	
8. K-bygging, undirbúningur .....	100 000	
9. Stjórnun, eftirlit o. fl. ....	40 000	
10. Ýmis tækjakaup .....	146 700	
	<hr/>	993 700
<b>11. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og lækni- bústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 031).</b>		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. a. Reykjavík, Borgarspítali, B-álma .....	300 000	
1. b. Reykjavík, Borgarspítali, G-álma .....	120 000	
2. Reykjavík, Grensásdeild, endurhæfingarsundlaug	100 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Reykjavík, Arnarholt .....	30 000	
4. Akranes, sjúkrahús .....	40 000	
5. Ólafsvík, H 2 .....	15 000	
6. Stykkishólmur, H 2 .....	30 000	
7. Búðardalur, H 2 .....	5 000	
8. Patreksfjörður, H 2 .....	50 000	
9. Bolungarvík, H 1 .....	10 000	
10. Ísafjörður, sjúkrahús .....	190 000	
11. Hólmavík, H 1 .....	10 000	
12. Hvammstangi, H 2 og endurbætur .....	27 000	
13. Blönduós, H 2 .....	6 000	
14. Sauðárkrúkur, sjúkrahús .....	87 000	
15. Ólafsfjörður, H 1 .....	90 000	
16. Dalvík, H 2 .....	90 000	
17. Akureyri, sjúkrahús .....	678 000	
18. Húsavík, sjúkrahús .....	10 000	
19. Vopnafjörður, H 1 .....	15 000	
20. Seyðisfjörður, H 1 .....	65 000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús .....	225 000	
22. Fáskrúðsfjörður, H 1 .....	50 000	
23. Kirkjubæjarklaustur, H 1 .....	10 000	
24. Vík, H 1 .....	10 000	
25. Hvolsvöllur, H 1 .....	30 000	
26. Hella, H 1 .....	25 000	
27. Selfoss, sjúkrahús .....	225 000	
28. Keflavík, sjúkrahús .....	260 000	
29. Hafnarfjörður, Sólvangur, endurbætur og undir- bún., H 2 .....	20 000	
30. Kópavogur, H 2 .....	110 000	
31. Seltjarnarnes, H 2 .....	40 000	
	<hr/>	2 973 000
b. Heilsugæslustöðvar og læknamóttökur í leigu- húsnæði. Styrkur vegna breytinga á húsnæði eða tækjakaupa:		
1. Akureyri .....	5 000	
2. Hafnarfjörður .....	5 000	
3. Álafoss .....	5 000	
4. Ósundurliðað .....	5 000	
	<hr/>	20 000
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur .....	20 000	
2. Þingeyri .....	7 000	
3. Siglufjörður .....	25 000	
4. Húsavík .....	5 000	
5. Vík í Mýrdal .....	20 000	
6. Höfn í Hornafirði .....	10 000	
	<hr/>	87 000
		<hr/>
		3 080 000

12. Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn og aðrir starfsmenn (09 383).

	Þús. kr.
0088—5894	Adolf J. E. Petersen . . . . . 300
0046—4414	Aðalheiður Nielsdóttir . . . . . 300
0047—5653	Aðalheiður Pálsdóttir . . . . . 300
0057—9335	Aðalsteinn Baldvinsson . . . . . 300
0064—4676	Aðalsteinn Hallsson . . . . . 300
0287—9093	Andrés Eyjólfsson . . . . . 450
0333—2438	Anna Guðmundsdóttir . . . . . 300
0457—0707	Arnbjörg Eiríksdóttir . . . . . 300
0468—7345	Arndís Eiríksdóttir . . . . . 300
0473—1859	Arndís Kristjánsdóttir . . . . . 300
0904—9924	Axel Thorsteinsson . . . . . 450
0136—8753	Ágúst Kvaran . . . . . 450
1139—6935	Ágúst Ólafsson . . . . . 300
0534—5529	Árni Sigurðsson . . . . . 300
0669—8174	Ásgeir Jónsson . . . . . 300
0917—4567	Baldur Guðmundsson . . . . . 300
1987—1934	Benedikt Gíslason . . . . . 450
1052—1556	Bergsveinn Jónsson . . . . . 300
1082—2351	Bergþóra Sigurðardóttir . . . . . 300
1182—6520	Bjarney Guðjónsdóttir . . . . . 300
1209—7549	Bjarni Ó. Frimannsson . . . . . 300
1210—6874	Bjarni Gíslason . . . . . 300
1219—7640	Bjarni Jónasson . . . . . 300
1231—1265	Bjarni Sigurðsson . . . . . 300
1268—0937	Björg Jónsdóttir . . . . . 300
1268—1011	Björg Jónsdóttir . . . . . 300
1270—6464	Björg Magnúsdóttir . . . . . 300
1352—4661	Björn Stefánsson . . . . . 300
1356—4868	Björn Vigfússon . . . . . 300
1470—5805	Brynjólfur Bjarnason . . . . . 650
1498—1136	Böðvar Pálsson . . . . . 300
1562—8197	Daniel Eggertsson . . . . . 300
1598—6395	Dýrfinna Oddfreðsdóttir . . . . . 300
1601—0731	Dýrleif Friðriksdóttir . . . . . 300
1711—3607	Eggert Konráðsson . . . . . 300
1833—6111	Einar Steindórsson . . . . . 300
1964—0574	Elín Jóhannesdóttir . . . . . 300
2028—7144	Elísabet Friðriksdóttir . . . . . 300
2032—3558	Elísabet Halldórsdóttir . . . . . 300
2121—6240	Emilía Jónasdóttir . . . . . 300
2134—1681	Engel Lund . . . . . 300
1772—0201	Eyjólfur Hallfreðsson . . . . . 400
1779—6178	Eyjólfur J. Stefánsson . . . . . 300
2325—2902	Finnbogi Lárusson . . . . . 300
2405—9111	Friðbjörg Jónsdóttir . . . . . 300
2473—5354	Friðrik Þorvaldsson . . . . . 400
2679—7128	Gísli Kristjánsson . . . . . 300
2685—8143	Gísli Sigurðsson . . . . . 300
2756—7681	Grimur Grímsson . . . . . 300
2810—5568	Guðbjörg Guðmundsdóttir . . . . . 300
2813—4169	Guðbjörg Hannesdóttir . . . . . 300
2820—3470	Guðbjörg Kristinsdóttir . . . . . 300

	Þús. kr.	
2897—2016	Guðfríður Jóhannesdóttir	300
2917—5993	Guðjón Hermannsson	300
2920—7828	Guðjón Jónsson	300
2990—6351	Guðlaugur Oddsson	300
3041—7143	Guðmundur Árnason	300
3069—9750	Guðmundur Gíslason Hagalín	400
3064—9893	Guðmundur Guðjónsson	300
3096—3776	Guðmundur Ólafsson	300
3117—7235	Guðmundur Þorbergsson	300
3118—1194	Guðmundur Þórðarson	300
3178—1310	Guðný Sveinsdóttir	300
3189—6959	Guðríður Einarsdóttir	300
3231—9130	Guðrún Davíðsdóttir	300
3235—0100	Guðrún Eiríksdóttir	300
3247—7208	Guðrún Guðmundsdóttir	300
3275—5046	Guðrún Kristjánsdóttir	300
3299—1211	Guðrún Sigurgeirsdóttir	300
3312—1318	Guðrún Valdimarsdóttir	300
3338—4416	Gunnar Ásgrímsson	300
3400—6091	Gunnar Þorsteinsson	300
3418—5484	Gunnhildur Sigurðardóttir	300
3472—5136	Gústaf Gíslason	300
3581—3403	Halldór Gunnlaugsson	300
3612—1564	Halldóra Bjarnadóttir	450
3723—6551	Hannes Hreinsson	300
3782—2477	Haraldur Kristjánsson	300
3536—7217	Hálfván Björnsson	300
3892—5350	Helga Björnsdóttir	300
3958—3925	Helgi Eleasarsson	300
3986—5769	Helgi Tryggvason	300
4024—3038	Herdís Guðmundsdóttir	300
4029—7073	Herdís Jónsdóttir	300
4064—4652	Hermína Sigurgeirsdóttir	300
4103—0569	Hildur Jónsdóttir	300
4143—6433	Hinrik Guðmundsson	300
4165—8568	Hjálmfríður Bergsveinsdóttir	300
4235—5054	Hjörtur Ögmundsson	300
4489—7709	Höskuldur Einarsson	300
4653—8382	Inga Nielsen Beck	300
4598—6608	Ingibjörg Einarsdóttir	300
4619—9359	Ingibjörg Jónsdóttir	300
4624—1363	Ingibjörg Kristmundsdóttir	300
4640—5528	Ingibjörg Stefánsdóttir	300
4716—0820	Ingólfur Árnason	300
4722—3636	Ingólfur Gíslason	800
4792—4634	Ingveldur Magnúsdóttir	300
4910—9814	Jens Eyjólfsson	300
4969—8364	Jóhann Gunnarsson	300
4983—2184	Jóhann J. E. Kúld	300
4988—1746	Jóhann Pétursson, Svarfdælingur	450
5071—1994	Jóhannes Bogason	300
5112—8761	Jón Benónýsson	300
5154—3696	Jón Jónasson	300
5160—2528	Jón Kjerúlf	300

	Þús. kr.	
5184—4416	Jón Sigurgeirsson .....	400
5247—1168	Jónas Bjarnason .....	300
5308—4427	Jónína Gunnarsdóttir .....	300
5366—3664	Jósep Kristjánsson .....	300
5410—5126	Július Jónsson .....	300
5410—5185	Július Jónsson .....	300
5479—0589	Karl Árnason .....	300
5495—8218	Karl Indriðason .....	300
5624—6568	Klara Guðmundsdóttir .....	300
5735—7886	Kristín Einarisdóttir .....	300
5756—2064	Kristín Ingileifsdóttir .....	400
5761—2037	Kristín Jósefsdóttir .....	300
5765—0257	Kristín Kristjánsdóttir .....	300
5774—8311	Kristín Pálmadóttir .....	300
5787—6107	Kristín Teitsdóttir .....	300
5791—6265	Kristín Vigfúsdóttir .....	300
5904—4214	Kristjana V. Hannesdóttir .....	300
5837—6027	Kristján Albertsson .....	400
5848—3443	Kristján Einarsson .....	300
5855—2399	Kristján Guðmundsson .....	300
5930—3473	Kristlaug Tryggvadóttir .....	300
5942—5064	Kristmundur Kr. Meldal .....	300
6174—7168	Lovísa Magnea Ólafsdóttir .....	300
6086—5388	Lýður Jónsson .....	300
6203—6818	Magdalena Guðlaugsdóttir .....	300
6255—0228	Magnús Gestsson .....	300
6256—6213	Magnús V. Guðbrandsson .....	300
6265—6069	Magnús Ingimundarson .....	300
6357—3302	Margrét Gissurardóttir .....	300
6357—0168	Margrét Gísladóttir .....	300
6359—1610	Margrét Guðmundsdóttir .....	300
6372—6648	Margrét Jóhannsdóttir .....	300
6463—3805	María Markan .....	400
6555—9382	Matthildur Hannesdóttir .....	300
6645—8520	Njáll Friðbjörnsson .....	300
6694—4263	Oddur Búason .....	300
6819—8255	Ólafía Egilsdóttir .....	300
6745—6548	Ólafur Bjarnason .....	300
6746—5490	Ólafur Björnsson .....	300
6776—0719	Ólafur Magnússon .....	300
6793—9816	Ólafur Tryggvason .....	400
6919—0081	Óscar Clausen .....	400
7025—6673	Páll Scheving .....	300
7033—9927	Páll Vilhjálmsson .....	300
7470—6282	Salvör Jörundsdóttir .....	300
7100—1288	Pétur Jónsson .....	300
7156—8156	Ragnar Benediktsson .....	300
7195—3475	Ragnheiður Böðvarsdóttir .....	300
7394—6298	Rósamunda Jónsdóttir .....	300
7425—8336	Runólfur Guðmundsson .....	300
7503—3036	Sesselja Jónsdóttir .....	300
7552—9570	Sighvatur Davíðsson .....	300
7570—7428	Sigmundur Gestsson .....	300
7584—1787	Signý Gunnarsdóttir .....	300

		Pús. kr.
7604—0352	Sigríður Böðvarsdóttir .....	300
7608—1352	Sigríður Einarisdóttir .....	300
7618—9021	Sigríður Guðjónsdóttir .....	300
7637—2632	Sigríður Jónsdóttir .....	300
7645—8669	Sigríður Magnúsdóttir .....	300
7659—3493	Sigríður Sigfinnsdóttir .....	300
7678—5058	Sigríður Þórðardóttir .....	300
7728—7477	Sigrún Sigurjónsdóttir .....	300
7774—2573	Sigurbjörg Guðmundsdóttir .....	300
7818—1605	Sigurborg Hallbjarnardóttir .....	300
7844—6676	Sigurður Björnsson .....	300
7852—0116	Sigurður Erlendsson .....	300
7857—7959	Sigurður Greipsson .....	450
7877—8369	Sigurður Jónsson .....	300
7883—5745	Sigurður Lárusson .....	300
7904—3699	Sigurður Stefánsson .....	300
7952—3488	Sigurjón Einarsson .....	300
7970—0886	Sigurjón Sigurbjörnsson .....	300
8068—4118	Sigurveig Ólafsdóttir .....	300
8183—5551	Skúli Skúlason frá Odda .....	450
8227—9393	Snæbjörn J. Thoroddsen .....	300
8474—2864	Steinunn Guðmundsdóttir .....	300
8509—7660	Steinþór Þórðarson .....	300
8530—7428	Sturla Jónsson .....	300
8849—4059	Sölvi Ásgeirsson .....	300
8857—4230	Sörli Hjálmarsson .....	300
9041—1292	Valborg Emilsdóttir .....	300
9160—8332	Valves Kárason .....	300
9194—0922	Vigdís Andrésdóttir .....	300
9440—6919	Þorbjörg Einarisdóttir .....	300
9443—9973	Þorbjörg Guðmundsdóttir .....	300
9663—0417	Þorkell Kristjánsson .....	300
9694—1412	Þorleifur Jónsson .....	400
9746—0388	Þorsteinn Jónasson .....	300
9376—7071	Þóra Guðmundsdóttir .....	300
9505—1642	Þórður Auðunsson .....	300
9505—5168	Þórður Benediktsson .....	450
9783—1041	Þórunn Ingvarsdóttir .....	300
9860—4820	Þuríður Guðjónsdóttir .....	300
9861—1959	Þuríður Guðnadóttir .....	300

63 300

## 13. Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur (09 384).

0310—8023	Anna Ármannsdóttir .....	300
0344—1458	Anna G. Ingólfssdóttir .....	300
0370—0321	Anna Sigfúsdóttir .....	300
0379—4458	Anna Þuríður Sæmundardóttir .....	300
0579—0069	Arnþrúður Danielsdóttir .....	300
0157—5880	Ágústa M. Hafberg .....	300
0162—3648	Ágústa Jónsdóttir .....	400
0168—2717	Ágústa Sigurðardóttir .....	300
0552—8887	Árný Stígsdóttir .....	300
0714—8143	Áslaug Gunnlaugsdóttir .....	300
0767—4236	Ásta Halldórsdóttir .....	300



	Þús. kr.	
0779—2026	Ásta Ólafsdóttir .....	300
0813—7129	Ástríður Eggertsdóttir .....	300
1387—8218	Borghildur Thorarensen .....	400
1437—5864	Bryndís Þórarinsdóttir .....	300
1523—7456	Dagbjört Guðjónsdóttir .....	300
1949—7364	Elin Einarsdóttir .....	400
1955—0834	Elin Guðjónsdóttir .....	300
1961—7122	Elin Indriðadóttir .....	300
1968—7481	Elin Lárusdóttir .....	400
1999—9513	Elinborg Bogadóttir .....	300
2037—5884	Elisabet Jónsdóttir .....	300
2038—3712	Elisabet Kemp .....	300
1701—6911	Eufemía Ólafsdóttir .....	500
2357—0130	Fjóla Sigmundsdóttir .....	500
2393—6755	Friða Hliðdal .....	650
2960—9314	Guðlaug Jósefsdóttir .....	300
3159—0612	Guðný Halldórsdóttir .....	300
3174—6817	Guðný Sigurðardóttir .....	300
3180—8006	Guðný Vigfúsdóttir .....	300
3307—2368	Guðrún Sveinsdóttir .....	300
3615—2028	Halldóra Eiríksdóttir .....	300
3642—6365	Halldóra Þórðardóttir .....	300
3898—9995	Helga Friðbjarnardóttir .....	300
3912—9272	Helga Ingimundardóttir .....	300
3933—5905	Helga Sigurðardóttir .....	300
4185—9318	Hjaltína Guðjónsdóttir .....	300
4243—1672	Hlíf Magnúsdóttir .....	300
4263—3860	Hólmfriður S. Björnsdóttir .....	300
4281—8372	Hólmfriður Rögnvaldsdóttir .....	300
4384—7627	Hróðný Einarsdóttir .....	500
4413—8298	Hulda Þ. Björnæs .....	400
4415—4277	Hulda Davíðsdóttir .....	300
4514—4097	Indiana Sturludóttir .....	300
4598—4435	Ingibjörg Eyjólfsdóttir .....	400
4619—9022	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir .....	400
4621—8558	Ingibjörg Karlsdóttir .....	450
4750—2330	Ingunn Hliðar .....	300
4792—8478	Ingveldur Ólafsdóttir .....	300
4948—9137	Jófriður Guðmundsdóttir .....	300
5060—6228	Jóhanna Vigfúsdóttir .....	300
5273—7915	Jónasína E. Hallgrímsdóttir .....	300
5297—0938	Jónína Ásmundsdóttir .....	300
5306—8812	Jónína Gissurardóttir .....	300
5317—3837	Jónína Kristjánsdóttir .....	300
5346—0682	Jórunn Guðjónsdóttir .....	300
5452—9406	Karen Louise Jónsson .....	300
5563—5498	Katrín Ingibergsdóttir .....	300
5751—2458	Kristín Helgadóttir .....	300
5775—0340	Kristín Pálsdóttir .....	300
5780—5765	Kristín Sigurðardóttir .....	300
5910—1382	Kristjana Káradóttir .....	300
5982—8401	Lára Bjarnadóttir .....	300
6002—0418	Lára Svansdóttir .....	300
6004—1296	Lára M. Vigfúsdóttir .....	400

	Pús. kr.	
6040—7355	Laufey Karlsdóttir .....	300
6072—1181	Lelia Stefánsson .....	450
6090—9288	Lilja H. Arndal .....	400
6105—3042	Lilja Jörundsdóttir .....	300
6107—8649	Lilja Magnúsdóttir .....	300
6114—5486	Lilja Steinsen .....	600
6083—9204	Lydia Pálsdóttir .....	450
6200—8946	Magdalena Ásgeirsdóttir .....	300
6226—6368	Magnea Magnúsdóttir .....	300
6340—5418	Margrét Árnadóttir .....	300
6346—7545	Margrét Björnsdóttir .....	300
6351—1374	Margrét Eyjólfsdóttir .....	300
6373—4012	Margrét Jónasdóttir .....	450
6373—9219	Margrét Jónsdóttir .....	300
6568—5035	Melitta Urbancic .....	300
6598—2218	Nanna Guðmundsdóttir .....	300
6598—2269	Nanna Guðmundsdóttir .....	300
6720—9532	Ólafía Finnbogadóttir .....	300
6859—4138	Ólöf Bjarnadóttir .....	300
6982—6261	Pálína Jóhannsdóttir .....	300
7210—4897	Ragnheiður Konráðsdóttir .....	300
7271—7066	Rannveig Gunnarsdóttir .....	300
7373—7869	Rósa Guðnadóttir .....	300
7436—3121	Rut Hermanns Hansen .....	300
7592—3678	Sigríður Árnadóttir .....	600
7592—3457	Sigríður Árnadóttir .....	300
7601—9088	Sigríður Björnsdóttir .....	300
7616—4916	Sigríður Gísladóttir .....	300
7620—0807	Sigríður Guðmundsdóttir .....	300
7642—5906	Sigríður Kristjánsdóttir .....	300
7676—6827	Sigríður Vilhjálmsdóttir .....	300
7733—3118	Sigrún Thorarensen .....	500
7995—7380	Sigurlaug P. Johnson .....	300
8187—8528	Skúlína Guðmundsdóttir .....	300
8256—3113	Soffía Touvina .....	500
8469—5157	Steinunn P. Eyjólfsson .....	300
8494—3088	Steinunn Tómasdóttir .....	300
8511—1744	Steinþóra Einarsdóttir .....	300
8574—6685	Svanbjörg Einarsdóttir .....	300
8720—5886	Sveindís Hansdóttir .....	300
8876—5958	Theodóra Hávarðardóttir .....	400
8923—4034	Tove Engilberts .....	500
9116—8766	Valgerður Helgadóttir .....	300
9451—8334	Þorbjörg Leifs .....	300
9394—2566	Þóra Vigfúsdóttir .....	400
9784—8068	Þórunn Jónsdóttir .....	300

---

 37 150

## 14. Flóabátar og vöruflutningar (10 321 0103).

Þús. kr.

Þús. kr.

## a. Flutningar á landi:

1.1	Til vetrarflutninga í Breiðavíkurbreppi .....	400
1.2	Vetrarflutningar í Dalahéraði .....	800
2.1	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi .....	800
2.2	Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu .....	500
2.3	Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu ....	1 500
2.4	Snjóbifreið um Bolnsheiði .....	800
2.5	Snjóbifreið á Hólmavík .....	700
2.6	Vetrarsamgöngur í Auðkúluhreppi, V.-Ísaf. ....	500
2.7	Snjóbifreið í Önundarfirði .....	400
2.8	Mjólkurflutningar í Súgandafirði .....	300
2.9	Sandsheiði .....	500
2.10	Mjólkurflutningar í Önundarfirði og Dýrafirði ..	4 000
3.1	Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs ....	3 000
3.2	Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði .....	400
3.3	Svarfaðardalshreppur, vegna vetrarsamgangna ..	700
3.4	Snjóbifreiðar á Akureyri, rekstur .....	500
	Stofnstyrkur .....	300
3.5	Flugbjörgunarsveitin, Akureyri .....	700
3.6	Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þingeyjarsýslu, rekstur .....	700
3.7	Snjóbifreið í Fjallahreppi, stofnstyrkur .....	2 500
3.8	Snjóbifreið í A.-Húnavatnssýslu .....	300
3.9	Snjóbifreið í Skagafirði .....	700
4.1	Snjóbifreið í Vopnafirði .....	600
4.2	Snjóbifreið í Þórshafnarhreppi .....	400
4.3	Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker .....	800
5.1	Snjóbifreið á Fjarðarheiði, rekstur .....	7 000
	Stofnstyrkur .....	4 000
5.2	Snjóbifreið á Fagradal, rekstur .....	1 100
	Stofnstyrkur .....	700
5.3	Snjóbifreið á Oddsskarði, rekstur .....	6 000
	Stofnstyrkur .....	2 000
5.4	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði, stofnstyrkur ....	300
5.5	Snjóbifreið á Borgarfirði eystra .....	1 300
5.6	Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðafflugvöllur ..	900
5.7	Vetrarflutningar Djúpavogur-Hornafjörður, rekstur .....	1 000
	Stofnstyrkur .....	3 000
5.8	Póst- og vöruflutningar á Jökuldal, rekstur ...	500
	Stofnstyrkur .....	2 000
5.9	Svínafell í Nesjum .....	500
5.10	Til vöruflutninga á Suðurlandi .....	6 500

59 600

## b. Flóabátar:

1.	Baldur, til rekstrar .....	108 500
	Vegna halla fyrri ára .....	10 000
		118 500
2.	Herjólfur, til rekstrar .....	133 300
	Vegna halla fyrri ára .....	68 000
		201 300

	Dús. kr.	Dús. kr.
3. Fagranes, til rekstrar .....	85 250	
Vegna halla fyrri ára .....	11 950	
		97 200
4. Drangur, til rekstrar .....	72 700	
5. Akraborg, til rekstrar og skuldagreiðslu .....	69 700	
6. Mjóafjarðarbátur, til rekstrar .....	9 300	
Stofnstyrkur .....	10 000	
		19 300
7. Hriseyjarferja, til rekstrar .....	16 200	
Stofnstyrkur .....	32 000	
		48 200
8. Langeyjarnesbátur, til rekstrar .....	900	
9. Mýrabátur, til rekstrar .....	100	
10. Dýrafjarðarbátur, til rekstrar .....	600	
		628 500
		688 100

15. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1. Akranes .....	74 600
2. Arnarstapi .....	3 500
3. Ólafsvík .....	103 500
4. Grundarfjörður .....	34 800
5. Stykkishólmur .....	121 600
6. Patreksfjörður .....	32 500
7. Bildudalur .....	18 800
8. Þingeyri .....	22 500
9. Flateyri .....	4 700
10. Suðureyri .....	91 500
11. Bolungarvík .....	74 600
12. Ísafjörður .....	65 500
13. Súðavík .....	65 800
14. Norðurfjörður .....	16 200
15. Hólmavík .....	3 100
16. Hvammstangi .....	13 000
17. Blönduós .....	31 500
18. Sauðárkrókur .....	72 000
19. Hofsóss .....	29 200
20. Siglufjörður .....	77 300
21. Ólafsfjörður .....	47 000
22. Dalvík .....	61 300
23. Árskógsströnd .....	21 500
24. Hauganes .....	16 400
25. Hjalteyri .....	15 000
26. Akureyri .....	108 500
27. Grenivík .....	86 800
28. Húsavík .....	51 300
29. Kópasker .....	34 800
30. Raufarhöfn .....	44 000
31. Þórshöfn .....	21 100
32. Bakkafjörður .....	40 300
33. Vopnafjörður .....	29 300
34. Borgarfjörður .....	7 900
35. Seyðisfjörður .....	91 200

	Þús. kr.	Þús. kr.
36. Neskaupsstaður .....	7 700	
37. Eskifjörður .....	60 000	
38. Reyðarfjörður .....	2 000	
39. Fáskrúðsfjörður .....	21 300	
40. Hornafjörður .....	98 000	
41. Dyrhólaey/Dyrhólaós .....	7 500	
42. Vestmannaeyjar .....	67 500	
43. Eyrarbakki .....	8 800	
44. Grindavík .....	22 300	
45. Sandgerði .....	135 500	
46. Garður .....	15 000	
47. Hafnarfjörður .....	117 500	
	<hr/>	2 195 700
<b>16. Ferjubryggjur (10 333 0104).</b>		
1. Arngerðareyri .....	3 500	
2. Gemlufall .....	8 000	
3. Hvítanes .....	25 000	
4. Reykjanes .....	2 500	
5. Djúpavík .....	1 000	
6. Hjallanes .....	3 000	
	<hr/>	43 000
<b>17. Sjóvarnargarðar (10 333 0108).</b>		
1. Álftanes .....	4 000	
2. Bolungarvík .....	5 000	
3. Eyrarbakki og Stökkseyri .....	5 000	
4. Flateyri .....	3 000	
5. Gerðar .....	4 000	
6. Gróttá .....	3 000	
7. Hvaleyri, Hafnarfirði .....	4 000	
8. Húsavík .....	7 000	
9. Miðneshreppur .....	3 000	
10. Reykjaneskagi, rannsóknir .....	4 000	
11. Sauðárkrókur .....	5 000	
12. Vogar .....	3 000	
13. Saurbær á Kjalarnesi .....	3 000	
	<hr/>	53 000
<b>18. Almenn fjárfesting Pósts og síma 1980 (30 101 983).</b>		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Stækkanir á eldri stöðvum .....	410 000	
b. Karlssontalning .....	100 000	
	<hr/>	510 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
a. Í bæjum og kaupþúnum .....	450 000	
b. Í sveitum .....	501 000	
	<hr/>	951 000
3. Landssímasambönd:		
a. Jarðsímaleiðir .....	135 000	
b. Fjölsímar .....	631 000	
c. Radióleiðir .....	287 000	
	<hr/>	1 053 000

	Dús. kr.	Dús. kr.
4. Hús .....		588 000
5. Sjálfsalar .....		30 000
6. Bifreiðar og vinnuvélar .....		90 000
7. Radióstöðvar .....		130 000
8. Búnaður á póstgíröstofu vegna tölvuvinnslu .....		7 000

---

 3 359 000

**Fjárfesting 1980, sundurliðun:**

## 1. Sjálfvirkar símsstöðvar:

## a. Stækkanir á eldri stöðvum:

1. Breiðholt/Kópavogur ARF .....	200 000	
2. Borgarnes .....	10 000	
3. Siglufjörður .....	10 000	
4. Dalvík .....	27 000	
5. Neskaupstaður .....	26 000	
6. Bólstaðarhlíð .....	10 000	
7. Kópasker .....	8 000	
8. Borgarfjörður .....	8 000	
9. Akureyri .....	58 000	
10. Ferjaldabúnaður fyrir stöðvarnar sem stækk- aðar verða með efni frá Selfossi og Brúarlandi	41 000	
11. Telexstöð .....	12 000	

---

 410 000

b. Karlssontalning á 91-svæðinu ..... 100 000

---

 510 000

## 2. Línukerfi fyrir símnotendur:

## a. Í bæjum og kaптúnunum:

1. Reykjavík .....	225 000	
2. Brúarland .....	15 000	
3. Reykjanes .....	30 000	
4. Vesturland .....	20 000	
5. Vestfirðir .....	22 000	
6. Norðurland vestra .....	15 000	
7. Norðurland eystra .....	62 000	
8. Austurland .....	24 000	
9. Suðurland .....	22 000	
10. Vestmannaeyjar .....	15 000	

---

 450 000

## b. Í sveitum:

1. Leirár- og Melasveit, Borg. ....	68 000
2. Hreppar, Árn. ....	36 000
3. Grímsnes—Grafningur, Árn. ....	38 000
4. Rangárvellir, efri hluti, Rang. ....	26 000
5. Fljótshlíð, Rang. ....	21 000
6. Örfæfi, A.-Skaff. ....	14 000
7. Vopnafjörður—Bakkafjörður, N.-Múl. ....	21 000
8. Aðaldælahreppur, S.-Þing. ....	24 000
9. Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppur, Eyjafirði	40 000
10. Svarfaðardalur, Eyjaf. ....	50 000
11. Svinavatnshreppur—Blöndudalur, A.-Hún. ..	21 000
12. Vatnsdalur, A.-Hún. ....	21 000
13. Borðeyri, Strand. ....	20 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
14. Drangsnæs, Strand. ....	15 000	
15. Þingeyrarhr., V.-Ísaf. ....	7 000	
16. Hvammssveit, Dal. ....	28 000	
17. Kaldakinn, S.-Þing. ....	21 000	
18. Ófyrirséð ..... <hr/>	30 000	501 000
		<hr/>
		951 000
3. Landssímasambönd:		
a. Jarðsímaleiðir:		
1. Vopnafjörður—Bakkafjörður .....	49 000	
2. Háöxl—Fagurhólsmýri .....	16 000	
3. Búðardalur .....	15 000	
4. Minniborg—Sog .....	25 000	
5. Hrafnagil .....	20 000	
6. Ófyrirséð .....	10 000	
		<hr/>
		135 000
b. Fjölsímar:		
1. Reykjavík—Stykkishólmur—Ísafjörður .....	70 800	
2. Sveitafjölsímar .....	113 000	
3. Háöxl—Höfn—Fagurhólsmýri .....	57 000	
4. Tónritsímar .....	55 000	
5. Búðardalur—Stykkishólmur .....	44 000	
6. Hólmavík—Drangsnæs .....	49 400	
7. Akranes—Borgarnes .....	24 400	
8. Reykjavík—Akureyri .....	49 400	
9. Egilsstaðir—Bakkafjörður—Vopnafjörður ..	113 000	
10. Ýmis ófyrirséður búnaður .....	55 000	
		<hr/>
		631 000
c. Radióleiðir:		
1. Stykkishólmur—Patreksfjörður .....	67 000	
2. Norðurlandsörbylgja .....	99 000	
3. Viðarfjall—Bakkafjörður .....	46 000	
4. Stykkishólmur—Búðardalur .....	48 000	
5. Gaumkerfi .....	27 000	
		<hr/>
		287 000
		<hr/>
		1 053 000
4. Hús:		
a. Múlastöð C .....	90 000	
b. Múlastöð D, E .....	208 000	
c. Póstafgreiðsla í Mjóddinni .....	10 000	
d. Kópavogur .....	10 000	
e. Varmahlíð .....	20 000	
f. Húsavík .....	30 000	
g. Hvolsvöllur .....	25 000	
h. Sandgerði .....	27 000	
i. Tálknafjörður .....	48 000	
Tækjahús:		
k. Viðarfjall—Bakkafjörður .....	15 000	
l. Stykkishólmur—Patreksfjörður .....	30 000	
m. Búðardalur—Stykkishólmur .....	15 000	
n. Hólmavík—Drangsnæs .....	15 000	
o. Ófyrirséð .....	45 000	
		<hr/>
		588 000

19. Fjárfestingar í flugmálum (30 471 983).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Reykjavík .....	189 500	
2. Sandskeið .....	10 500	
3. Rif .....	96 200	
4. Ísafjörður .....	81 000	
5. Patreksfjörður .....	28 900	
6. Suðureyri .....	30 800	
7. Bildudalur .....	55 000	
8. Hólmavík .....	19 900	
9. Gjögur .....	34 300	
10. Þingeyri .....	300	
11. Flateyri .....	5 100	
12. Sauðárkrókur .....	104 300	
13. Siglufjörður .....	21 500	
14. Blönduós .....	23 300	
15. Akureyri .....	185 200	
16. Húsavík .....	18 200	
17. Raufarhöfn .....	22 000	
18. Grímsey .....	17 700	
19. Kópasker .....	33 000	
20. Ólafsfjörður .....	3 000	
21. Egilsstaðir .....	35 900	
22. Hornafjörður .....	78 600	
23. Vopnafjörður .....	22 100	
24. Norðfjörður .....	32 400	
25. Borgarfjörður eystra .....	29 700	
26. Bakkafjörður .....	26 300	
27. Fagurhólsmýri .....	300	
28. Vestmannaeyjar .....	125 000	
29. Sjúkraflugvellir o. fl. ....	60 000	
30. Almenn verkefni .....	60 000	
	<hr/>	1 450 000
20. Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1980 (31 321 983).		
a. Virkjanir:		
1. Gönguskarðsá .....	10 000	
2. Lagarfoss .....	20 000	
3. Smyrlabjargaá .....	10 000	
	<hr/>	40 000
b. Stofnlínur:		
1. Vopnafjarðarlína .....	705 000	
2. Pétursey—Vík .....	44 000	
3. Þorlákshafnarlína .....	10 000	
4. Ólafsvík—Grundarfjörður .....	26 000	
5. Laxá—Kópasker .....	98 000	
6. Seyðisfjarðarlína .....	8 000	
7. Grímsá—Eyvindará .....	20 000	
8. Hvolsvöllur—Hella, Hella—Selfoss, Selfoss— Ljósafoss, spennuhækkun á Suðurlandi .....	10 000	
9. Laxárvatnsvirkjun—Blönduós .....	25 000	
10. Hauganes—Grenivík .....	326 000	
	<hr/>	1 272 000



	Pús. kr.	Pús. kr.
c. Aðveitustöðvar:		
1. Brúarland .....	3 000	
2. Stuðlar, Reyðarfirði .....	11 000	
3. Neskaupstaður .....	107 000	
4. Hvolsvöllur .....	10 000	
5. Vík í Mýrdal .....	60 000	
6. Hella, Selfoss, spennuhækkun á Suðurlandi ....	61 000	
7. Grindavík .....	15 000	
8. Saurbær .....	20 000	
9. Þéttavirki, Reykjanes .....	2 000	
10. Skagaströnd .....	13 000	
11. Akureyri .....	15 000	
12. Dalvík .....	417 000	
13. Ólafsfjörður .....	50 000	
14. Kópasker, þéttavirki .....	34 000	
15. Vopnafjörður .....	323 000	
16. Lagarfoss .....	87 000	
17. Eyvindará .....	15 000	
18. Eskifjörður .....	24 000	
	<hr/>	1 267 000
d. Innanbæjarkerfi .....		1 830 000
e. Dísilstöðvar:		
1. Höfn í Hornafirði .....	91 000	
2. Kirkjubæjarklaustur .....	81 000	
3. Þórshöfn .....	30 000	
4. Grímsey .....	15 000	
	<hr/>	217 000
f. Vélar og tæki .....		200 000
g. Aðstöðuskipun .....		100 000
		<hr/>
		4 926 000
Fjáröflun:		
a. Heimtaugargjald .....	200 000	
b. Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun .....	4 726 000	
	<hr/>	4 926 000

Gjört i Reykjavík, 9. apríl 1980.

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1980

11. apríl 1980.

185

Nr. 11.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá 1. mars 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

*Gjört í Reykjavík 11. apríl 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

11. apríl 1980.

Nr. 12.

## L Ö G

um orkujöfnunargjald.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Leggja skal 1½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

**2. gr.**

Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi frá og með 14. apríl 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I**

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar orkujöfnunargjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

**II**

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimt orkujöfnunargjald af henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 21. apríl 1980.

**III**

Af vörum söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollfyrivalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 14. apríl 1980 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða orkujöfnunargjald, nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. júní 1980.

**IV**

Vegna aprílmánaðar 1980 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattsskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 13. apríl en hinni vegna sölu- og orkugjaldsskyldrar starfsemi frá og með 14. apríl og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

*Gjört í Reykjavík 11. apríl 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1980

9. apríl 1980.

187

Nr. 13.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga,  
með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

21. grein laganna orðist svo:

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

#### 2. gr.

22. grein laganna orðist svo:

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

#### 3. gr.

23. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.

Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Frá útsvarsskyldum tekjum manna, sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga gjöld þau sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.

Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.—65. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

## 4. gr.

24. grein laganna orðist svo:

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978 gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

## 5. gr.

25. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni, og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978, skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., sbr. þó 7.—9. mgr. þeirrar greinar.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

## 6. gr.

26. grein laganna orðist svo:

Hjá þeim mönnum, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið, skal við álagningu lækka útsvarið um 35 000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfæranda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7 000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða, skal útsvar framfæranda lækkað að auki um 7 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfæranda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.

Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.—3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess, þá skal sá hluti lækkunar, sem umfram er, bætast við lækkun hjá hinu.

Hjá mönnum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári, skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma þeirra og barna þeirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.—8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

## 7. gr.

27. grein laganna orðist svo:

Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978, fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skatt-

stjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim, sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

#### 8. gr.

28. grein laganna orðist svo:

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

#### 9. gr.

29. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni rikissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns rikissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

#### 10. gr.

30. grein laganna orðist svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978, skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda

eftir af kaupi launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

#### 11. gr.

31. grein laganna orðist svo:

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafði viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera, og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafði gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

#### 12. gr.

32. grein laganna orðist svo:

Hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt, og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna, er útsvarsgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólöggráða manna, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

Þeir, sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Þeir, sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978, bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfsskuldarábyrgð.

Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sinu svo og fyrir útsvarsgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

#### 13. gr.

36. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Þeir sem um ræðir í 1.—4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félag, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978, að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Ólíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

Eftirtalin starfsemi er undanþegin aðstöðugjaldi:

Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

#### 14. gr.

37. grein laganna orðist svo:

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla skv. sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölbættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir, sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu, skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

#### 15. gr.

39. grein laganna orðist svo:

Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

#### 16. gr.

40. grein laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef:

- a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyrir þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.



## 17. gr.

2. mgr. 41. greinar laganna orðist svo:

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

## 18. gr.

42. grein laganna orðist svo:

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal hann leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

## 19. gr.

43. grein laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

## 20. gr.

Í 46. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

## L Ö G

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Tilgangur og gildissvið.

##### 1. gr.

Með lögum þessum er leitast við, að

- a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
- b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

##### 2. gr.

Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

Undanþegin lögum þessum eru:

- a) siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,
- b) loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar,
- c) algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

##### 3. gr.

Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

Lög þessi ná einnig til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Löggin ná þó ekki til húnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Löggin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð, að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

#### II. KAFLI

##### Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja.

##### Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

##### 4. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað,

í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

#### 5. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

#### 6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna, sbr. 1. mgr. 4. gr., og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandamál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

#### 7. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

#### 8. gr.

Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, og þeir, sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

#### 9. gr.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljóta.



Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

#### 10. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

### III. KAFLI

#### Öryggisnefndir sérgreina.

#### 11. gr.

Setja má á fót öryggisnefndir í sérgreinum, sem í sitja fulltrúar atvinnurekenda og starfsmanna, til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan hverrar sérgreinar.

Nefndir þessar skulu hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun slíkra nefnda, ef stjórn stofnunarinnar þykir ástæða til.

Öryggisnefndir sérgreina, sem viðurkenndar hafa verið, geta lagt fram tillögur og látið í ljós álit sitt um nýjar reglur og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveður að leggja fyrir þær.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal, áður en hún gefur álit sitt um reglugerðir, sem fjalla sérstaklega um ákveðnar atvinnugreinar, leita eftir áliti frá viðurkenndri öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar.

Öryggisnefndir sérgreina hafa það verkefni að gefa atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar um þær reglur og ákvæði, sem gilda fyrir viðkomandi sérgrein.

Öryggisnefndir sérgreina geta sent tillögur til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um breytingar á reglum, er fjalla um viðkomandi sérgrein.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur að öðru leyti reglur um skipulag, verkefni, starfsemi og fjármögnun öryggisnefnda sérgreina.

### IV. KAFLI

#### ALMENNAR SKYLDUR

##### a. Skyldur atvinnurekenda.

#### 12. gr.

Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, sbr. 90. gr. laga þessara.

Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni, og skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu hver það er.

#### 13. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til

- a) V. kafli um framkvæmd vinnu,
- b) VI. kafli um vinnustaði,
- c) VII. kafli um vélar, tækjabúnað og fleira,
- d) VIII. kafli um hættuleg efni og vörur.

#### 14. gr.

Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hættu.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

#### 15. gr.

Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

#### 16. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafli þessara laga, geti orðið sem best, og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

#### 17. gr.

Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett nánari reglur um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skuli fyrir komið.

#### 18. gr.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

#### 19. gr.

Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafli og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinnslu úr þeim skýrslum krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um

- a) fjölda starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
- b) vélar, vélahluta, geyma, ílát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,
- c) sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni,
- d) aðrar upplýsingar, sem þýðinguna kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

**b. Skyldur verkstjóra.****20. gr.**

Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

**21. gr.**

Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefur umsjón með.

**22. gr.**

Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

**23. gr.**

Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

**c. Skyldur starfsmanna.****24. gr.**

Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu.

**25. gr.**

Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

**26. gr.**

Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

**27. gr.**

Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarendi vegna viðgerðar eða niðurstæningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

**28. gr.**

Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna.

**d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.**

**29. gr.**

Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, ílát, katla, húsein- ingar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnu- rekstur, skal tryggja, að það, sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- eða sjúkdómshættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mæl- ingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varð- andi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

**30. gr.**

Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varan- lega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn, eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar, og þegar við á, hver sé innflytjandinn.

**31. gr.**

Sá, sem tekur að sér að selja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

Verði sá, sem selur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

**32. gr.**

Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., fram- leiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

Fylgja skal þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### 33. gr.

Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

### 34. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um þau atriði, sem um er fjallað í 29.—33. gr.

Ákvæðin í 29.—33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

### 35. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir, sem víkja frá kröfunum í 29.—33. gr. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## e. Skyldur verktaka og fleiri.

### 36. gr.

Ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu.

Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaaðila sem atvinnurekenda samkvæmt lögum þessum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur um þessi atriði.

## V. KAFLI

### Framkvæmd vinnu.

### 37. gr.

Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

### 38. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem

- a) um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluáðferðir, t. d. til þess að koma í veg fyrir hrun, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, óðauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,

- b) um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum,
- c) um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,
- d) um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishjálma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislun, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalinn. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfnast hans við vinnu sína.

#### 39. gr.

Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir.

Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

#### 40. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um,

- a) að störf, sem í kann að vera falin veruleg hættu á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lokið hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldri,
- b) ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bæklun þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,
- c) takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,
- d) vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnenda þeirra véla og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hættu af, sbr. 58. gr. laga þessara,
- e) önnur hliðstæð tilvik ótalín.

### VI. KAFLI

#### Vinnustaður.

##### 41. gr.

Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

##### 42. gr.

Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

##### 43. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um fyrirkomulag fastra og bráða-birgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m. a. fjalla um

- a) húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, veggi, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,
- b) aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búnings-

herbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,

- c) neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,
- d) annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

#### 44. gr.

Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur um, að áætlanir og hönnunargögn vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsetningu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði skuli lagðar fyrir Vinnueftirlit ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetning er gerð.

### VII. KAFLI

#### Vélar, tækjabúnaður og fleira.

#### 45. gr.

Aflvél merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél.

Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

#### 46. gr.

Vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrir-mælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

#### 47. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um gerð og notkun véla, tækja og annars búnaðar, sem nota á við atvinnurekstur, svo sem um

- a) gerð, útfærslu, uppsetningu, tilkynningarskyldu og prófanir,
- b) á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlitið til umsagnar eða samþykktar áætlanir eða önnur gögn um gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,
- c) notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

#### 48. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur lagt bann við framleiðslu, innflutningi, sölu, afhendingu, notkun og auglýsingum á sérlega hættulegum búnaði.

#### 49. gr.

Hvers konar vélar, tæki og búnað, sem getið er um í 46. gr., nema bifreiðar og vélar, sem lúta öðrum lögum, skal skrá og skoða samkvæmt nánari fyrir-mælum

í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins.

Um greiðslur fyrir skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla og búvéla skal Vinnueftirlit ríkisins semja gjaldskrá, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í öðrum lögum.

## VIII. KAFLI

### Hættuleg efni og vörur.

#### 50. gr.

Efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu og öryggi manna í voða, þar með talin sprengi- og eldfim efni og sprengiefni, má aðeins framleiða eða nota við framleiðslu eða á annan hátt á vinnustað, ef þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum er beitt, sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með, um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Við framleiðslu, geymslu, merkingu, flutning og notkun skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar hollustuhætti og öryggi.

#### 51. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um framleiðslu, umbúðir, áfyllingu, merkingu, meðferð, geymslu, flutning og notkun efna og vara, sem geta verið hættuleg, dregið verulega úr öryggi eða leitt geta til lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta.

Vinnueftirlit ríkisins getur bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara. Sama gildir um efni og vörur, þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

Framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal gerð í samráði við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og/eða aðra sérfróða aðila, sem um þessi mál fjalla.

## IX. KAFLI

### Hvildartími og frídagar.

#### 52. gr.

Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a. m. k. 10 klukkustunda samfellda hvíld.

Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klukkustundir, með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd, þegar um er að ræða:

- a) vaktavinnu,
- b) störf að landbúnaði,
- c) björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávaraflla.

#### 53. gr.

Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruaflla, slysa, orkuskortis, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði



eða annarra tilsvarendi ófyrirséðra atburða, má víkja frá ákvæðum 52. greinar, að því marki sem nauðsynlegt er, til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd slíkra frávíka.

#### 54. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá ákvæðum 52. greinar, þegar

- a) starfið er þess eðlis, að ekki er hægt að stöðva starfsemina,
- b) sérstakir atvinnuhættir gera frávík nauðsynleg.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um slíka vinnuframkvæmd.

Frávik frá samfelldri hvíld má gera í undantekningartilvikum, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð.

Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávik tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins. Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd 52., 53. og 54. gr. skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, sem bannar styttingu hvíldartímans, ef það telur hættu stafa af lengingu vinnutímans.

#### 55. gr.

Á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag, sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma, sbr. 52. gr.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir, sem starfa í fyrirtækinu, fá fri á þeim degi.

Ef nauðsyn krefur má fresta vikulegum frídegi og gefa þess í stað fri síðar:

- a) þeim sem starfa í heilbrigðis- og vistunarstofnunum eða við önnur hjúkrunar- og líknarstörf,
- b) þeim sem vinna við vörslu dýra og gróðurs,
- c) þeim sem annast framleiðslu- og þjónustustörf, þar sem sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg,
- d) þeim sem annast þau störf, sem nauðsynleg eru vegna öryggismála og varðveislu verðmæta.

Ennfremur má veita frávik, þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarendi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd þessarar greinar.

#### 56. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá 1. mgr. 55. gr. þegar

- a) ekki er hægt að gera hlé á vinnu vegna eðlis hennar,
- b) sérstakir starfshættir valda því, að slík frávik eru nauðsynleg.

Frávik að því er varðar einstakan frídag má þó gera, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð. Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávik tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið tímabundnar undanþágur frá ákvæðunum um vikulega frídag, skv. 55. gr.

## 57. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um það, hvenær megi vikja frá reglunum um vikulegan frídag, með samkomulagi við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

## 58. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um takmörkun vinnutíma við störf, sem geta verið hættuleg heilsu manna eða öryggi.

## X. KAFLI

## Vinna barna og unglunga.

## 59. gr.

Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 14 ára aldurs.  
Ungmenni merkja í lögum þessum unglunga á aldursskeiði 14—17 ára.

## 60. gr.

Börn má ekki ráða, nema til léttra, hættulítilla starfa.  
Vinnueftirlit ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um, hvað teljast létt, hættulítill störf, sbr. lög nr. 53 1966 um vernd barna og ungmenna.

## 61. gr.

Vinnutími unglunga, sem eru 14 og 15 ára, skal ekki fara fram úr venjulegum vinnutíma fullorðinna, sem starfa í sömu starfsgrein.

Unglingar mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Vinnutíminn skal vera samfelldur og aðeins vera rofinn af hæfilegum matmáls-, kaffi- og hvíldartímum.

## 62. gr.

Unglingar, sem eru 16 og 17 ára, skulu hafa minnst 12 klukkustunda hvíld á sólarhring. Hvíldartíminn skal að jafnaði vera á tímanum milli klukkan 19 og 7.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um lengd vinnutíma unglunga 16 og 17 ára og hvenær hann skal vera, fyrir störf og starfsgreinar, þegar aðstæður eru slíkar, að nauðsynlegt er að setja slíkar reglur.

## 63. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um

- a) að hve miklu leyti megi leyfa vinnu unglunga, sem eru 16 og 17 ára, fram yfir venjulegan vinnutíma í viðkomandi starfsgrein,
- b) takmörkun á því að unglingar, sem eru 16 og 17 ára, vinni við þau skilyrði, sem nefnd eru í 3. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 56. gr., staflið a.

## XI. KAFLI

## Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

## 64. gr.

Rækja skal atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um heilbrigðisþjónustu í samvinnu við heilbrigðisfyrirvöld.

## 65. gr.

Heilsuvernd starfsmanna merkir í lögum þessum þjónustu, sem komið er á fót, til þess að

- a) stuðla að því, að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni, sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,
- b) stuðla að því, að vinnu sé hagað þannig, að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,
- c) stuðla að andlegri og líkamlegri velliðan starfsmanna.

#### 66. gr.

Heilsuvernd starfsmanna skal falið þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi, sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til, sbr. 19. gr. laga nr. 57/1978.

Hvert fyrirtæki skal gera skriflegan samning við stjórn viðkomandi heilbrigðisstofnunar (stofnana) um fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar þjónustu, sem veita skal. Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að slíkir samningar séu gerðir, og hlutast til um að skorið sé úr ágreiningi, er upp kann að koma milli heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss og atvinnurekanda.

#### 67. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um, að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun, áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á, eftir að þeir eru hættir störfum, ef starfsskilyrði eru/voru slík að mati stjórnarinnar, að heilsutjón gæti hlotist af, enda sé ástæða til þess að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma.

Í reglum þessum skal nánar kveðið á um, í hverju læknisskoðun skuli fólgin og hverjar mælingar eða aðrar rannsóknir skuli framkvæma. Taka skal tillit til starfsumhverfis. Hægt er að setja slíkar reglur fyrir einstaka vinnustaði og/eða starfsgreinar. Kveða skal á um, hvort slíkar skoðanir, mælingar eða rannsóknir skuli vera reglubundnar og hversu tíðar þær skuli vera.

Ákvarðanir um læknisskoðanir, mælingar og aðrar rannsóknir skal taka í samráði við sérfræðinga og stofnanir á viðkomandi sviðum læknisfræðinnar.

Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu sendar landlækni til umsagnar.

#### 68. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni og skal hann vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.

Verkefni hans er:

- a) að vera tengiliður Vinnueftirlits ríkisins við heilbrigðisyfirvöld,
- b) að veita forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild, sbr. 73. gr. laga þessara,
- c) að sjá um, að haldin sé skrá yfir atvinnusjúkdóma, vinnuslys og eitranir, sbr. 78. gr., staflíð f og 81. gr. laga þessara,
- d) að vinna að þeim málum öðrum, er snerta heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, eftir nánari ákvörðun stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

#### 69. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að heilsuverndareftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna.

Starfsmönnum og fyrrverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma.

## 70. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um læknisskoðun barna og unglunga undir 18 ára aldri, þegar þau hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skólalæknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

## 71. gr.

Ef einstakir starfsmenn eða hópar manna vinna við skilyrði, er talist geta vara-söm heilsu þeirra eða öryggi, skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um, að jafn-framt eftirliti með starfsmönnum sé veitt aukin fræðsla um þá slysa- og/eða sjúk-dómshættu, sem kann að vera bundin við starfsumhverfi þeirra, sbr. 14. gr. og 78. gr., staflíð e, laga þessara.

## 72. gr.

Séu af hálfu þeirra aðila, sem fara með gæðaeftirlit á vinnustöðum vegna mat-vælaframleiðslu, gerðar aðrar kröfur en þær, sem Vinnueftirlit ríkisins gerir um læknisskoðun og aðrar rannsóknir með tilliti til heilbrigðis starfsmanna, skal stjórn Vinnueftirlits taka tillit til slíkra sérþarfa við ákvörðun á umfangi læknisskoð-unar og annarra rannsókna.

## XII. KAFLI

## Vinnueftirlit ríkisins.

## 73. gr.

Vinnueftirlit er eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Það eftirlit er í höndum sérstakrar stofnunar, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál.

Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun.

Ráðherra er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra skal setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum.

## 74. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig:

Þrjú stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnu-málasambandi samvinnufélaganna, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi starfs-manna ríkis og bæja, einn stjórnarmann tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitar-félaga og einn stjórnarmann án tilnefningar. Varamenn í stjórnina skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnar-laun. Skipun stjórnar skal vera til fjögurra ára í senn.

## 75. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við félagsmálaráðuneytið.

## 76. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og setur honum erindisbréf, hvort tveggja samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann skal gera tillögur til stjórnarinnar um starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar með samþykki stjórnar hennar.

Forstjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundi og ennfremur aðrir starfsmenn stofnunarinnar, þegar við á. Þeir skulu hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

## 77. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu fyrirtæki þau, er lög þessi gilda um, greiða í ríkissjóð iðgjöld, sem innheimt skulu ásamt slysa-tryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar.

Iðgjöld skulu reiknast af sama stofni og slysatryggingaiðgjald, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins, ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld samkvæmt 1. mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukapjónustu samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

## 78. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur það verkefni að:

- a) leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
- b) aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lög þessi,
- c) gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög þessi,
- d) afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e) veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- f) sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, sem ætla má, að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m. a. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum atvinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,
- g) fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,
- h) hafa eftirlit með og sjá um, að lögnum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

## 79. gr.

Ráðherra setur Vinnueftirliti ríkisins starfsreglur í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Ráðherra getur falið Vinnueftirliti ríkisins að fjalla um tiltekin mál og verkefni, skyld þeim verkefnum, sem lög þessi fjalla um.

## 80. gr.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins eða stjórn stofnunarinnar ákveður hvaða tiltekin verkefni samkvæmt nánari skilgreiningu verði falin öðrum. Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með slíku eftirliti annarra aðila.

Fyrir ýmiss konar aukabjónustu, svo sem eftirlit með lokuðum vatnshitunarkefnum, þrýstiraunir, gasmælingar í geymum vegna eld- og sprengihættu, fallpróf-anir á lyftum, eftirlit með fermingu og affermingu kaupskipa, námskeið og próf, upplýsingaspjöld og -rit, ber þeim að greiða, sem óska slíkrar þjónustu eða þarfnast hennar að dómi Vinnueftirlits ríkisins. Hið sama gildir um kannanir og rannsóknir, sem fram eiga að fara annars staðar en hjá þeim, sem þjónustunnar þarfnast.

Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra setur gjaldskrá um aukabjónustu að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

Heimilt er að innheimta greiðslu fyrir aukabjónustu áður en hún er veitt.

## 81. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Vinnueftirlits ríkisins setja reglur um tilkynningar- og skráningarskyldu hvers konar vinnuslysa og meiðsla, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra tilvika, sem þýðingu geta haft í þessu sambandi. Læknir, sem kemst að því eða fær grun um, að einstaklingar eða hópar manna hafi orðið fyrir skaðlegum verkunum vegna vinnu sinnar, skal tafarlaust tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins. Ráðherra skal setja nánari reglur um skyldu lækna og um það, til hvaða annarra aðila hún nær.

Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað, skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglustjóra og Vinnueftirliti ríkisins, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sólarhrings.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum, sem stofnuninni berast.

Vinnueftirlitið skal framkvæma rannsókn á orsökum eitrana og slysa, sem því berst vitneskja um, í þeim tilgangi að geta stuðlað að því, að komið sé í veg fyrir slíkar eitranir og slys á vinnustöðum.

## 82. gr.

Öllum starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal, hvenær sólarhings sem er, heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi taka til, enda geri þeir atvinnurekanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af atvinnurekanda og sérhverjum starfsmanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt lögum þessum.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins skulu sýna skilríki um starf sitt.

Löggæslumenn aðstoða við eftirlit sé nauðsyn á því. Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slíka aðstoð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra.

## 83. gr.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins mega ekki láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans, að eftirlitsferð sé gerð vegna umkvörtunar.

## 84. gr.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfsemi eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.

## 85. gr.

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hætta sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé hætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

## 86. gr.

Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.

Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila, sem að ofan greinir, ekki ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhrarfa starfsmanna af vinnustað, þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

## 87. gr.

Ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, getur Vinnueftirlitið lagt dagsektir á fyrirtækið í stað lokunar. Sektirnar skulu ákveðnar annaðhvort sem viðurlög strax þegar krafa er gerð eða þegar frestur til umbóta er útrunninn. Upphæð dagsektanna skal fara eftir því, hve aðkallandi umbæturnar eru, og eftir stærð og umsvifum fyrirtækisins.

Atvinnurekandi getur innan hálf mánaðar frá kröfugerðinni áfrýjað sektar-ákvæðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sem strax og unnt er skal taka ákvörðun um málið og eigi síðar en eftir einn mánuð. Hafi stjórnin ekki fellt úrskurð sinn þá gildi úrskurður Vinnueftirlitsins.

Sektir þessar eru kræfar með lögtaksrétti.

## 88. gr.

Í hverju fyrirtæki skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarendi skráningarform, þar sem skráðar eru heimsóknir eftirlitsmanna og athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar, er varða starfsumhverfi.

Ennfremur skal skrá hvers konar meiðsli, eitranið og slyð og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins skal setja nánari reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka og annarra skjala.

## 89. gr.

Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álits meðráðherra sinna.

## XIII. KAFLI

## Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

## 90. gr.

Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

## 91. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum aðilum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

## 92. gr.

Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

## 93. gr.

Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur, eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum forstjórans, getur hann skotið máli sínu til stjórnar stofnunarinnar, sbr. 98. gr. laga þessara.

## 94. gr.

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

## 95. gr.

Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

## 96. gr.

Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.



Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrir en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

#### 97. gr.

Sé öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrir en viðkomandi fyrirtæki hefur aflað sér annarra tilskilinna leyfa.

### XIV. KAFLI

#### Áfrýjun úrskurða.

#### 98. gr.

Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið, svo fljótt sem verða má.

Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr.

### XV. KAFLI

#### Refsiákvæði.

#### 99. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

### XVI. KAFLI

#### Gildistaka.

#### 100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum með síðari breytingum. Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

#### Bráðabirgðaákvæði.

1. Nú brýtur starfsemi við gildistöku laga þessara að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, og skal þá forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimilt að veita tiltekinn frest til þess að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.
2. Reglugerð samkvæmt 6. mgr. 73. gr., svo og reglur samkvæmt lögum þessum, skal setja svo fljótt sem verða má. Þar til þær hafa verið staðfestar, skulu þær reglugerðir og reglur, sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn. Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttar-sambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða

landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.

4. Seðlabanki Íslands skal árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 500 milljónir króna á ári miðað við verðlag 1. janúar 1979, til lánveitinga til fyrirtækja, sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skal að lánsféð verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum, sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.
5. Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um að vinna greni. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna minka og minkabæli, sbr. 5. gr.

#### 2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr (fullorðin dýr og yrðlinga), hlaupa-dýr og mink skal ákveðið ár hvert af landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fenginni umsögn veiðistjóra. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 23. maí 1975.

*Gjört í Reykjavík 27. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

## L Ö G

## um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aðalbjörg Hermannsdóttir, barn á Egilsstöðum, f. í Kóreu 21. febrúar 1974.
2. Aichy, Steinar Bjarni, barn í Reykjavík, f. í Frakklandi 30. nóvember 1971.
3. Andersen, Freda Bonnie, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. maí 1964.
4. Andersen, Karl Konráð, nemi í Reykjavík, f. á Íslandi 4. janúar 1961.
5. Andersen, Lise Lotte Reynis, gangastúlka í Reykjavík, f. í Danmörku 23. maí 1958.
6. Anna Sigríður Pálsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 20. október 1979.
7. Autrey, Stephan Mattias Gregory, flugvirki í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 10. mars 1957. Fær réttinn 10. des. 1980.
8. Brink, Mark Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
9. Champion, Denise Kristín, flugfreyja í Reykjavík, f. í Englandi 21. desember 1949.
10. Christiansen, Margret Rósa Dahl, húsmóðir í N-Ísafjarðarsýslu, f. á Íslandi 8. september 1952.
11. Chu Ngan Fu, klæðskeri í Kópavogi, f. í Kína 14. júlí 1949.
12. Eagles, Rose, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 6. mars 1925.
13. Grönvaldt, Lisbeth, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 17. júlí 1944.
14. Gulgowski, Wojciech Jerzy, tölvufræðingur í Reykjavík, f. í Póllandi 22. apríl 1945.
15. Hafsteinsson, Jonhard, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 17. janúar 1959.
16. Hansen, Anders, blaðamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. janúar 1952.
17. Heiða Björg Pálmadóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 2. apríl 1979.
18. Hólm, Jakob, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
19. Hördal, Richard Halldór, kennari í Reykjavík, f. í Kanada 18. desember 1946.
20. Jakob, Hilke Lina Ilse, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. mars 1941.
21. Jensen, Erik, iðnnemi í Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, f. í Noregi 11. september 1961.
22. Krämmer, Emma Maria, flugfreyja í Reykjavík, f. í Austurríki 15. febrúar 1943.
23. Lund, Gunnar Guðmundur William, sendill í Reykjavík, f. í Danmörku 1. mars 1956.
24. Lund, Stefán Carl, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 26. ágúst 1953.
25. Marx, Erhard Richard Franz, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Þýskalandi 21. nóvember 1954. Fær réttinn 1. sept. 1980.
26. Meiling, Roger, fulltrúi í Kópavogi, f. í Englandi 21. apríl 1944.
27. Mundell, Derek Charles, landbúnaðarfræðingur í Kópavogi, f. í Englandi 17. mars 1951.
28. Nielsen, Rut, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 14. júní 1956.
29. O'Keefe, Paul David, verslunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 14. mars 1948.
30. Olesen, Bjarni, vélstjóri á Selfossi, f. á Íslandi 7. júní 1955.
31. Olsen, Frits Ómar, nemi í Mosfellssveit, f. á Íslandi 26. júlí 1958.
32. Ryggstein, Ulla, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júní 1935.

33. Saleh, Mohammad Ali Ahmad, verkamaður í Reykjavík, f. í Palestínu 25. janúar 1948.
34. Samson, Lamberto, verkamaður í Garðakaupstað, f. á Filippseyjum 28. ágúst 1953.
35. Speight, John Anthony, tónlistarkennari í Reykjavík, f. í Englandi 27. febrúar 1945.
36. Spur, Inga Birgitte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 28. desember 1931.
37. Stefánsson, Ragnar Daniel, verkfræðingur í Hafnarfirði, f. á Íslandi 26. janúar 1952.
38. Sörby, Rolf, listmálari í Reykjavík, f. í Noregi 21. mars 1950.
39. Thomasdóttir, Jara Kristina, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. maí 1976.
40. Thomasson, Stefán Peter, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. júlí 1978.
41. Türker, Savas, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Tyrklandi 16. september 1941.
42. Undall-Behrend, Daniel Jakob, vélvirkjanemi í Neskaupstað, f. á Íslandi 19. desember 1949.
43. Villalobos, Anna Steinunn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. nóvember 1974.
44. Villalobos, Ricardo Mario, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. mars 1968.
45. Wood, Dennis Leo, aðstoðardeildarfulltrúi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 4. október 1946.
46. Zempléni, Eva, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Þýskalandi 6. maí 1946.
47. Örn Jónsson, barn í Kópavogi, f. í Líbanon 26. nóvember 1979.

### 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

## L Ö G

um breyting á sjómanna­lögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum frii, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdum veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 3., 4. og 5. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 30. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingvar Gíslason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1980

6. júní 1980.

245

Nr. 50.

## LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1980.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 8 900 m.kr.

Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 3. gr. laga nr. 98/1979 er úr gildi felld að öðru leyti en því sem fjárráðstafanir hafa þegar verið gerðar á grundvelli hennar með samþykki fjárveitinganefndar vegna lánsfjárparfar fyrir árið 1979.

### 2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980.

### 3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1979, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands.

A 31

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tíma-  
setningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár  
svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

#### 4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 28 700 m.kr.  
eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við  
byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

#### 5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 000 m.kr. eða jafnvirði  
þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 950  
m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Lán á árinu 1980 til annarra hitaveituf framkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun  
ráðherra um lántökuaðila, alls 1 450 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í  
erlendri mynt.
4. Vatnsveita Búðardals innlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 150 m.kr.

#### 6. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 100 m.kr.  
eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kaupum og upp-  
setningu á gufuhverfli til raforkuframleiðslu á Svartsengi.

#### 7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1980 samkvæmt síðari ákvörðun  
fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar  
í erlendri mynt.

#### 8. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 517 m.kr.  
eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og  
hitaveituf framkvæmdum.

#### 9. gr.

Dörungavinnslunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að  
240 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtíma  
skulda sem á fyrirtækinu hvíla.

#### 10. gr.

Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi hf. er heimilt að taka lán  
á árinu 1980 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í  
erlendri mynt til greiðslu skammtímaskulda sem á fyrirtækinu hvíla.

#### 11. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 5 525  
m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

#### 12. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldar-  
ábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endur-

lána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt f. h. rikissjóðs, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, er standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum, að fjárhæð allt að 250 millj. kr.

### 13. gr.

Prátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1980 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 1 000 m.kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

### 14. gr.

Prátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag rikissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 2 635 m.kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 1 500 m.kr.

### 15. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag rikissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1980 ekki fara fram úr 721 700 þús. kr.

### 16. gr.

Prátt fyrir 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag rikissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eigi fara fram úr 21 250 þús. kr.

### 17. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag rikissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1980 ekki fara fram úr 1 236 m.kr.

### 18. gr.

Prátt fyrir 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag rikissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 501 350 þús. kr. á árinu 1980.

### 19. gr.

Prátt fyrir ákvæði a- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 986 450 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í rikissjóð. Þá skal framlag rikissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 eigi fara fram úr 63 750 þús. kr. á árinu 1980.



## 20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980 eigi fara fram úr 432 500 þús. kr.

## 21. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1980 eigi fara fram úr 201 813 þús. kr.

## 22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárskattis af erfðafjárskatti á árinu 1980 ekki fara fram úr 327 300 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1980 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

## 23. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 125 062 þús. kr.

## 24. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 1 060 m.kr. á árinu 1980.

## 25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnarlaga nr. 45/1973 skal framlag ríkissjóðs til Hafnarbótasjóðs á árinu 1980 ekki fara fram úr 190 120 þús. kr.

## 26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, sbr. 8. gr. sömu laga, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs ekki fara fram úr 251 100 þús. kr. á árinu 1980.

## 27. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1980 eigi fara fram úr 30% af skilafé Frihafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 27 m.kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Frihafnarinnar er fellur til ráðsins.

## 28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánsamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

## 29. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 612 millj. kr. á árinu 1980.

## 30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 6. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

**(L. S.)**

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G****um Húsnæðisstofnun ríkisins.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI****Um markmið laganna.**

## 1. gr.

Markmið laganna er:

- að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbýgginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
- að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varð til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

**II. KAFLI****Um hlutverk og skipulag stofnunarinnar.**

## 2. gr.

**Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.**

Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.

Opinber veðlán til byggingar, kaupa og endurbóta á íbúðarhúsnæði teljast samkvæmt lögum þessum lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

## 3. gr.

Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

**Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.**

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og leiguíbúðir sveitarfélaga.

**Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.**

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

#### 4. gr.

Stjórn Húsnaðisstofnunar ríkisins, húsnaðismálastjórn, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingis-kosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina samkvæmt 7. gr.

#### 5. gr.

Hlutverk húsnaðismálastjórnar er eftirfarandi:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnaðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnaðismála.
6. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

#### 6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnaðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnaðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar samkvæmt tillögum húsnaðismálastjórnar.

#### 7. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnaðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

### III. KAFLI

#### Um Byggingarsjóð ríkisins og almenn veðlán til íbúðarhúsnaðis.

#### 8. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til byggingar eða kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á eldri íbúðum og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

#### 9. gr.

**Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:**

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.

2. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
4. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
5. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla.

#### 10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

**Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lána- stofnunum, sem húsnæðismálastjórn semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.**

#### 11. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán samkvæmt tölulíðum 1—9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár, sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. **Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðar- húsnæði.**
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaáðila í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokkka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

#### 12. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði, sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn, sem tilskilin eru, svo sem samþykktar teikningar samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, og er ella ekki skylt að veita umsókn viðtöku.

Sækja ber um lán til nýbyggingar áður en framkvæmdir hefjast.

#### 13. gr.

Lán skv. 1. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum, og fer um fjárhæð þeirra eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúðar, sbr. nánar 35. gr.

**Eigi er heimilt að veita umsækjanda lán, ef högum hans er þannig háttað sem hér segir:**

1. Umsækjandi á íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja.
2. Umsækjandi hefur brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar.
3. Umsækjandi byggir fleiri en eina íbúð.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjanda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingar-

sjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

#### 14. gr.

Þegar fyrir liggur að umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, skal senda umsækjanda skriflega staðfestingu á því, ásamt upplýsingum um þær reglur, sem ákvarða lánsfjárhæð, og um væntanlega greiðsludaga lánsins.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 26 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

#### 15. gr.

Lán samkvæmt 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og sveitarfélögum sem kaupa íbúðir sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera vissst hlutfall af fullu láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

#### 16. gr.

Húsnæðisstofnun skal tilkynna umsækjendum skriflega, hvort þeir geti vænst láns, og tilgreina lánsfjárhæð og greiðslutíma eins nákvæmlega og unnt er. Ef umsókn er synjað, skal getið forsendna synjunar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

#### 17. gr.

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum, sem byggja íbúðir, heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Lánsfjárhæð til íbúða fyrir aldraða má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkvæmt 1. tl. 11. gr.

Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana fyrir börn mega vera allt að helmingi byggingarkostnaðar.

#### 18. gr.

Sá, sem hyggst hefjast handa um byggingu íbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis, skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar íbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til byggingar íbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila samkvæmt niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Ef umsögn er neikvæð er óheimilt að veita lán til framkvæmdanna. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að sú umsögn sé jákvæð.

#### 19. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdaláns samning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til 16 ára og eru veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

**20. gr.**

Lán samkvæmt 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiri háttar endurnýjunar og endurbóta eða viðbygginga við eldra húsnæði, en ekki til almenns viðhalds.

Lánsfjárhæð má nema allt að 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, þó ekki sé um útlitsbreytingar að ræða.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. má ekki veita út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti.

**21. gr.**

Stofnunin skal staðfesta skriflega, hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, og geta um lánsfjárhæð og væntanlegan afgreiðslutíma. Heimilt er húsnæðismálastjórn að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á framkvæmdum stendur, í formi víxilláns, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrir en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

Lán samkvæmt þessari grein mega koma til viðbótar lánnum samkvæmt 2. tl. 10. gr., en samtals mega þau lán þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.

**22. gr.**

Lán samkvæmt 5. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnnum, sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

**23. gr.**

Sveitarstjórnnum er skylt að láta koma, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, hvort í notkun séu í sveitarfélaginu íbúðir sem talist geta heilsuspillandi. Ef í ljós kemur við slíka könnun og staðfest af viðkomandi héraðslækni að búð sé í heilsuspillandi íbúðum í sveitarfélaginu er sveitarstjórn skylt að hafa forgöngu um að bæta úr því. Skal sveitarstjórn þá senda húsnæðismálastjórn skýrslu um fjölda heilsuspillandi íbúða í sveitarfélaginu ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu á þeim.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

- a) Lán skv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða til endursölu handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánnum skv. þeim tölulíð.
- b) Viðbótarlán skv. 24. gr. þessara laga.
- c) Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 60. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 19. gr.

**24. gr.**

Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkv. b-lið 23. gr. til þess að byggja eða

kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárrí fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi fjölskyldu. Lán samkvæmt þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fókheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni samkvæmt 1. tl. 11. gr. og með bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 26 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

#### 25. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefni.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni til nýrrar íbúðar á því ári samkvæmt sama staðli.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 16 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

#### 26. gr.

Lán samkv. 6. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánnum skv. 1. tl. 11. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á eldra húsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánnum samkv. 2. tl. 11. gr.

Lán samkv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknnum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

#### 27. gr.

Fjárhæð láns samkv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

#### 28. gr.

Lán samkvæmt 7. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum, einkum þeirra sem hitaðar eru með olíu. Slíkar endurbætur skulu miðast við að fullnægt sé ákvæðum 7. kafla 7.5 og 7.6 í Byggingarreglu-

gerð nr. 292/1979. Óheimilt er að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðar-  
áætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og samþykkt  
af tæknideild.

### 29. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 75% endurbótakostnaðar.

Sjóðurinn skal staðfesta skriflega hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði,  
greina frá lánsfjárhæð og væntanlegum afgreiðslutíma.

Fullnaðarafgreiðsla láns skal eigi fara fram fyrr en að framkvæmdum loknum  
og þær verið teknar út. Þó er heimilt að veita skammtímafyrirgreiðslu vegna endur-  
bótavinnunnar.

Þessi lán eru veitt gegn 1. eða 2. veðrétti og lánstími 11 ár. Um lánskjör fer að  
öðru leyti eftir ákvæðum 33. gr.

### 30. gr.

Lán samkvæmt 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að taka í notkun tækni-  
nýjungar, enda fylgi útreikningar, sem sýna á hvern hátt hún getur leitt til lækkunar  
byggingarkostnaðar, og staðfesting á því, að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sér-  
sjóðum iðnaðarins.

### 31. gr.

Fjárhæð láns samkvæmt 8. tl. 11. gr. og lánstími skal ákveðið hverju sinni af  
húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun,  
svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjörin.

### 32. gr.

Lán samkvæmt 9. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum og  
framleiðendum staðlaðra einingahúsa sem staðið hafa fyrir fjöldaframleiðslu íbúðar-  
húsnæðis með góðum árangri, að dómi húsnæðismálastjórnar. Skulu þeir, sem sann-  
anlega byggja og selja ódýrast miðað við hliðstæð gæði húsnæðis, ganga fyrir um  
framkvæmdalán.

Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum samkvæmt  
samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt  
með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka  
Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa  
íbúðina samkvæmt reglum sjóðsins.

### 33. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu  
vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskiaravísitölu eins og  
hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal  
tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Vextir af lánnum skulu vera 2% auk lántökugjalds og þóknunar sem húsnæðis-  
málastjórn semur um við lánastofnanir. Þó skulu lán samkv. 6. tl. 11. gr. vera  
vaxtalaus og vextir af lánnum samkvæmt 8.—9. tl. skulu ákveðnir sérstaklega hverju  
sinni með hliðsjón af almennum vöxtum af sambærilegum lánnum.

Lán samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið en endur-  
greiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að  
viðbættum verðbótum samkvæmt lánskiaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðv-  
um lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma  
og skal þess getið á skuldabréfi. Af lánnum samkvæmt 8.—9. tl. 11. gr. skal að  
jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.



Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári, þ.e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Húsnæðisstofnun ríkisins skal fjölga gjalddögum svo fljótt sem kostur er. Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

#### 34. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. fyrir eitt almanaksár í senn.

Enn fremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim útlánaflokkum, þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar, sbr. 3. mgr. 35. gr.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli útlánaflokka innan fjárhagsárs, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

#### 35. gr.

Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, samkvæmt þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka. Húsnæðismálastjórn ákveður staðalíbúðir fyrir einstaklinga og þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfur um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skípan og frágangi hyrrar staðalíbúðar svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

### IV. KAFLI

#### Um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

#### 36. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast samkvæmt lögum þessum:

- a) Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki, sem fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
- b) Leigubúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim, sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.

#### 37. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

- a) Með tekjum af eigin fé, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánnum.

- b) Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnspörf sjóðsins.
- c) Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
- d) Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni, þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b, c og e nægir ekki til áformaðra framkvæmda.
- e) Með greiðslum frá kaupendum íbúða í verkamannabústöðum, sem skulu nema 10% af söluverði íbúðar.

Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðapörf landsmanna.

Eigin fé sjóðsins skal varið til lánveitinga vegna endursölu á verkamannabústöðum, til greiðslu hugsanlegs vaxtamunar og síðar til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.

Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

#### 38. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 37. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans.

#### 39. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélag ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félag opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

#### 40. gr.

Stjórnnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til, í fyrsta sinn í upphafi kjörtímabils síns og síðan eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

#### 41. gr.

Að lokinni könnun skv. 40. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til hlut-

**aðeigandi sveitarstjórnar.** Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

#### 42. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 35. gr. þessara laga, fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.

#### 43. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. staflið c í 37. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingafrankvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en frankvæmdir skulu hafnar.

#### 44. gr.

Tæknideild skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Deildin skal huga sérstaklega að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð, svo sem með stöðlun, samkeppnisútböðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið.

Tæknideild skilar skriflegri álitsgerð um framangreind atriði og skal hlutaðeigandi sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða gefinn kostur á að tjá sig um hana.

#### 45. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur fengið álitsgerð tæknideildar og athugasemdir umsagnaraðila tekur hún ákvörðun um það, hvort framkvæmdin falli undir ákvæði 36. gr. laga þessara. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar, heimilar hún stjórn verkamannabústaða að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

#### 46. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 52. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé, sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni og bakabyrgð sveitarstjórnar.

Framkvæmdalán skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

## 47. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
- b) Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
- c) Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærrí fjárhæð en sem svarar 2 600 þús. kr. fyrir einhleyping eða hjón og 230 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, samkv. skattframtali. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltal árunna 1976, 1977 og 1978. Meðaltekjur þessar skulu framreiknaðar af Þjóðhagsstofnun í byrjun hvers árs, á grundvelli áætlana um breytingu á meðaltekjum verkamanna á næstliðnu ári og skýrslna Hagstofu Íslands um tekjur starfsstétta eftir skattframtölum árin tvö næstu þar á undan.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1 032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

1.	Almenn verkefni .....	3 884
2.	Bundin slitlög .....	950
3.	Sérstök verkefni .....	3 700
		<hr/>
		8 534
2.	Þjóðbrautir .....	1 700
3.	Girðingar og uppgræðsla .....	158
		<hr/>
		10 392
<b>2.4. Til brúagerða:</b>		
1.	Brýr 10 m og lengri .....	790
2.	Smábrýr .....	210
		<hr/>
		1 000
<b>2.5. Til fjallvega o. fl.:</b>		
1.	Aðalfjallvegir .....	49
2.	Aðrir fjallvegir .....	52
3.	Þjóðgarðavegir o. fl. .....	49
4.	Bláfjallav., Suðurlandsv.—Hafnarfj. ....	21
5.	Reiðvegir .....	5
		<hr/>
		176
2.6.	Til sýsluvega:	816
2.7.	Til vega í kaupst. og kaupþúnum:	1 835
<b>2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:</b>		
1.	Til véla- og verkfærakaupa .....	70
2.	Til byggingar áhaldahúsa .....	105
		<hr/>
		175
<b>2.9. Til tilrauna:</b>		73
		<hr/>
	Samtals	23 975

## SUNDURLIÐUN

## 2.3. Til nýrra þjóðvega.

## 1. Stofnbrautir.

## 1.1. Almenn verkefni.

Vegur	Vegheiti	1980
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
08	Um Hemruhamra .....	14
14	Um Reynisfjall .....	75
17	Um Steina .....	11
22-27	Hvolsvöllur—Landvegur .....	189
30	Skeiðavegur	
01	Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur .....	75
34	Eyrarbakkevegur	
02	Selfoss—Gaulverjabæjarvegur .....	130
1	Vesturlandsvegur	
13-14	Skálatún—Þingvallavegur .....	15
16	Brautarholtsvegur—Dalsmynni .....	240
17	Eiríkhóll—Fossá .....	65
40	Hafnarfjarðarvegur	
03-04	Arnarnes—Hafnarfjörður .....	106
06	Engidalur—Elliðavatnsvegur .....	15
45	Garðskagavegur	
03	Garður—Sandgerði .....	15
1	Vesturlandsvegur	
09	Um Gufá .....	97
09	Um Eskiholtslæk .....	19
11	Brekka—Búðardalsá .....	20
51	Akranesvegur	
01	Akrafjallsvegur—Berjadalsá .....	157
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Þverá—Dalsmynni .....	65
06	Um Gröf .....	5
07	Um Gróulæk og Viðralæk .....	19
08	Kirkjuhóll—Hofgarðar .....	62
55	Heydalsvegur	
01	Ólafsvíkurvegur—sýslumörk .....	91
60	Vestfjarðavegur	
05	Um Búðardal .....	20
07	Um Ljá og Fáskrúð .....	49
60	Vestfjarðavegur	
06	Vörðufell—Krossgil .....	140

Vegur	Vegheiti	1980 fjár- m.kr.
Vegnr.	Kaflaheiti	
61	Djúpvegur	
05—06	Í Ísafirði .....	75
11—12	Skötufjörður .....	45
16	Langeyri—Súðavík .....	40
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður .....	70
25	Óshlíð .....	50
62	Barðastrandarvegur	
04	Um Kleifaheiði .....	75
68	Hólmavíkurvegur	
01	Ormsá—Selá .....	88
10	Um Miðdalsá .....	25
1	Norðurlandsvegur	
03	Um Hrútafjarðarháls .....	100
13	Í Langadal .....	100
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur .....	18
75	Sauðárkróksbraut	
02—03	Norðurlandsvegur—Sauðárkrókur .....	50
06	Í Hegranesi .....	38
76	Siglufjarðarvegur	
04—07	Sleitustaðir—Reykjarhóll .....	20
10	Almenningsnöf—Gangamunni .....	92
1	Norðurlandsvegur	
04—05	Á Moldhaugnahálsi .....	65
11	Um Svalbarðsströnd .....	60
16	Kross—Fosshóll .....	37
19	Brún—Mývatnssveitarvegur .....	33
23—25	Kisiliðja—Jökulsá .....	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hörgárdalsvegur .....	55
03	Hámundarstaðaháls .....	70
85	Norðausturvegur	
01—02	Kaldakinn .....	44
10	Lón—Vikingavatn .....	33
17	Melrakkaslétta .....	70
26	Þistilfjörður .....	15
802	Ólafsfjarðarvegur eystri	
02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur .....	50
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur .....	30
1	Austurlandsvegur	
12	Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú .....	23
20	Innri-Kleif—Suðurfjarðavegur .....	48
22	Skrúðskambur—Fosserði .....	70
36	Hornvegur—Hafnarvegur .....	30
85	Norðausturvegur	
06	Strandhafnarvegur—Vesturárdalsvegur .....	87
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur .....	59

Vegur	Vegheiti	1980
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.
92	Norðfjarðarvegur	
07	Reyðarfjörður—Eskifjörður .....	27
10	Göng Eskifjarðarmegin—Kirkjuból .....	35
11	Kirkjuból—Neskaupstaður .....	85
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Sýslumörk—Seyðisfjörður .....	120
96	Suðurfjarðavegur	
03	Hafranes—Vattarnes .....	10
08	Vík — Stöðvarfjörður .....	90
<b>Samtals</b>		<b>3 884</b>

## 1.2. Búndin slitlög.

Vegur	Vegheiti	1980
Vegnr.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22-25	Hvolsvöllur—Rauðalækur .....	30
38	Þorlákshafnarvegur	
02-03	Þrengslavegur—Þorlákshöfn .....	230
1	Vesturlandsvegur	
18-19	Hvammsvík—Múlanes .....	149
1	Vesturlandsvegur	
11	Brekka—Búðardalsá .....	50
60	Vestfjarðavegur	
05	Við Búðardal .....	30
61	Djúpvegur	
21	Innan Ísafjarðar .....	55
1	Norðurlandsvegur	
09	Reykjabraut—Blönduós .....	81
75	Sauðárkróksbraut	
05	Sauðárkrókur—Flugvöllur .....	65
1	Norðurlandsvegur	
05	Ólafsfjarðarvegur—Dagverðareyrarvegur .....	120
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur .....	60
92	Norðfjarðarvegur	
07	Við Eskifjörð .....	50
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Við Seyðisfjörð .....	30
<b>Samtals</b>		<b>950</b>

## 1.3. Sérstök verkefni.

Vegur	Vegheiti	1980
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþ. m.kr.
35	Biskupstungnabraut	
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur .....	84
36	Þingvallavegur .....	68
40	Hafnarfjarðarvegur	
03-04	Arnarnes—Hafnarfjörður .....	210
1	Vesturlandsvegur	
05	Um Borgarfjörð .....	2 300
1	Vesturlandsvegur	
	Á Holtavörðuheiði .....	126
60	Vestfjarðavegur	
25	Um Önundarfjörð .....	450
1	Norðurlandsvegur	
17	Um Héraðsvötn .....	168
1	Norðurlandsvegur	
13	Um Vikurskarð .....	126
1	Austurlandsvegur	
30-32	Um Hvalnesskriður .....	168
Samtals		3 700

## 2. Þjóðbrautir.

Vegur	Vegheiti	1980
Vegnr.	Kaflaheiti	fjárþ. m. kr.
204	Meðallandsvegur	
01	Suðurlandsvegur—Arnardrangar .....	10
205	Klausturvegur	
01	Um Kirkjubæjarklaustur .....	35
22	Dalavegur	
01	Við Flugstöð .....	75
25	Þykkvabæjarvegur	
01-02	Suðurlandsvegur—Þykkvibær .....	35
250	Dímonarvegur	
01	Ýmsir staðir .....	10
252	Landeyjavegur	
01-06	Ýmsir staðir .....	10
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Deild .....	45
268	Þingskálavegur	
02	Bolholt—Landvegur .....	15
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Um Hróarsholtslæk .....	12
35	Biskupstungnabraut	
05	Ofan Brúarár .....	40
37	Laugarvatnsvegur	
02	Um Laugarvatn .....	60
305	Villingaholtsvegur	
02	Ýmsir staðir .....	33
340	Auðsholtsvegur	
01	Hrunamannavegur—Langholt .....	19



Vegur	Vegnr.	Kaflaheiti Vegheiti	1980 fjár. m.kr.
345		Kaldbaksvegur	
01		Ýmsir staðir .....	1
365		Gjábakkavegur	
01		Við Laugarvatn .....	14
425		Nesvegur	
01		Hafnir—Reykjanesviti .....	67
06		Grindavík—Þórkötlustaðahverfi .....	43
50		Borgarfjarðarbraut	
02		Um Hestháls .....	50
05		Hamraendar—Arnarholt .....	59
52		Uxahryggjavegur	
02		Borgarfjarðarbraut—Hóll .....	22
523		Hvítársíðuvegur	
01		Þverárhliðarvegur—Þorgautsstaðir .....	43
526		Stafholtsvegur	
01		Stafholt—Svarfhóll .....	22
566		Hítarnesvegur	
01		Ólafsvíkurvegur—Krossholt .....	9
568		Skógarnesvegur	
01		Deildarlækur—Skógarnes .....	9
571		Ölkelduvegur	
01		Ólafsvíkurvegur—Hóll .....	6
572		Lýsuhólsvegur	
01		Ólafsvíkurvegur—Ólafsvíkurvegur .....	7
574		Útnesvegur	
01		Hamraendalækur—L.-Hnausar .....	17
59		Laxárdalsvegur	
02		Laxárdalsheiði .....	60
590		Klofningsvegur	
07		Um Stekkjardal .....	15
594		Staðarhólsvegur	
01		Um Þurranes .....	9
619		Ketildalavegur	
04		Austmannsdalur—Selárdalur .....	40
59		Laxárdalsvegur	
01		Sýslumörk—Laxá .....	54
65		Súgandafjarðarvegur	
02		Innan Suðureyrar .....	68
704		Miðfjarðarvegur	
02		Vesturárdalsvegur—Bjarg .....	36
705		Vesturárdalsvegur	
01		Miðfjarðarvegur—Skeggjastaðir .....	16
711		Vatnsnesvegur	
01		Hvammstangi—Skarð .....	18
723		Grímstunguvegur	
01		Vatnsdalsvegur—Vatnsdalsvegur .....	10
726		Auðkúluvegur	
01		Reykjabraut—Svinvetningabraut .....	10
731		Svinvetningabraut	
01-03		Norðurlandsvegur—Blanda .....	42
742		Mýravegur	
01		Skagastrandarvegur—Þverárfjallsvegur .....	10

Vegur	Vegheiti	1980
Vegur.	Kaflaheiti	fjár- m.kr.
752	Skagafjarðarvegur	
01-03	Norðurlandsvegur—Austurdalsvegur .....	20
758	Austurdalsvegur	
01	Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur .....	5
764	Hegranesvegur vestri	
01	Hegranesvegur eystri—Helluland .....	30
786	Sléttuhlíðarvegur	
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur .....	8
787	Flókadalsvegur	
01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur .....	35
789	Sléttuvegur	
01	Siglufjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur .....	30
812	Bakkavegur	
01	Ólafsfjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur .....	15
814	Staðarbakkavegur	
01	Hörgárdalsvegur—Staðarbakki .....	36
816	Dagverðareyjarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur .....	20
817	Blómsturvallavegur	
01	Norðurlandsvegur—Lónslækur .....	10
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá .....	52
844	Bárðardalsvegur eystri	
01-02	Norðurlandsvegur—Bárðardalsvegur vestri .....	50
847	Stafnsvegur	
01	Norðurlandsvegur—Stafn .....	10
848	Mývatnssveitarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Garður .....	15
852	Sandsvegur	
01	Norðausturvegur—Sandur .....	10
94	Borgarfjarðarvegur	
06	Lagarfossvegur—Unaós .....	60
924	Jökuldalsvegur eystri	
01	Austurlandsvegur—Refshöfði .....	35
925	Hróarstunguvegur	
01	Austurlandsvegur—Húseyjarvegur .....	30
927	Brekkubæjavegur	
01	Tunguvegur—Tunguvegur .....	30
929	Fellavegur	
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur .....	9
931	Upphéraðsvegur	
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur .....	4
934	Múlavegur í Fljótsdal	
01	Upphéraðsvegur—Glúmsstaðir .....	30
<b>Samtals</b>		<b>1 700</b>

## 2.4. TIL BRÚAGERÐA

## 1. Til brúa 10 m og lengri.

	Fjárþ. í m.kr.
Gufuá (1) .....	65
Þverá á Lundahyl (50) .....	150
Selá í Hrutafirði (68) .....	65
Miðdalsá (68) .....	75
Hálsá (82) .....	75
Hrúteyjarkvísl (1) .....	100
Selá í Vopnafirði (85) .....	205
Til greiðslu halla frá 1979 .....	55
	<hr/>
Samtals	790

*Samgönguráðuneytið, 19. júní 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að þar sem álagning opinberra gjalda verði síðbúin í ár m. a. vegna þess að undirbúningur innheimtu samkvæmt álagningu sé nú mun tímafrekari en ella vegna gerbreyttra reglna um skattlagningu hjóna og vegna þess hve seint voru samþykktar viðamiklar breytingar á tekjuskatts- og tekjustofnalögum beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978 sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980 þarf álagningu opinberra gjalda eigi að vera lokið fyrr en 31. ágúst á árinu 1980.

Við framkvæmd álagningar skal heimilt, með tilliti til aðstæðna í hverju skattumdæmi, að ljúka sérstaklega álagningu á hvern eftirtalinna þriggja flokka gjaldenda á mismunandi tíma innan þess lokafrests er um getur í 1. mgr. þessarar greinar. 1. Menn sbr. 1. gr. laga nr. 40/1978 sbr. þó 2. tl. 2. Börn sem skattlögð eru samkvæmt 6. gr. laga nr. 40/1978. 3. Lögðila, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1978, og þá aðila er um ræðir í 3. gr. þeirra laga.

Sé heimild 2. mgr. þessarar greinar beitt skal skattstjóri gæta ákvæða 2. og 3. ml. 1. mgr. 98. gr. 1. 40/1978 með síðari breytingum varðandi hvern framantalinna flokka gjaldenda.

#### 2. gr.

Hafi álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 eigi verið lokið á skattaðila þann 1. ágúst ber honum að greiða í ágústmánuði til viðkomandi innheimtuaðila gjaldanna fjárhæð er nemur 20% af þeirri fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skattaðila ber að inna af hendi á fyrri hluta ársins skv. ákvæðum laga nr. 1/1980. Greiðsluskylda skv. þessari grein hvílir á því hjóna sem fyrirframgreiðslukröfu var beint að á fyrri hluta ársins.

Heimilt er einstökum sveitarstjórnnum og innheimtumönnum ríkissjóðs að ákveða að innheimta í ágúst mánuði skuli fara fram skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar enda þótt álagningu á gjaldendur eða einhvern hluta þeirra ljúki fyrir 1. ágúst ef viðkomandi innheimtuaðila gefst ekki ráðrúm til að undirbúa framkvæmd innheimtu í ágústmánuði á grundvelli álagningar. Sé þessari heimild beitt skal viðkomandi innheimtuaðili auglýsa þá ákvörðun sérstaklega í Lögbirtingablaði fyrir 31. júlí.

#### 3. gr.

Álögð opinber gjöld að frádreginni fyrirframgreiðslu þeirri sem greiða ber skv. lögum nr. 1/1980 skal á árinu 1980 greiða með sem næst jöfnum fjárhæðum á fimm gjalddögum hinn fyrsta dag hvers mánaðar á tímabilinu ágúst til desember.

Hjá þeim gjaldendum sem ákvæði 2. gr. þessara laga eiga við um kemur greiðsluskylda samkvæmt þeirri grein í stað ágústgreiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sá mismunur sem verða kann á einum fimmta hluta greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar og ágústgreiðsluskyldu skv. 2. gr. laga þessara skal að því er þessa aðila varðar bætast við eða dragast frá greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar í september eftir því sem á við.

## 4. gr.

Lög þessi taka til allra þeirra gjalda sem skattstjórar leggja á, annarra en sölugjalds skv. l. nr. 10/1960 með síðari breytingum og sérstaks tímabundins vörugjalds skv. lögum nr. 107/1978 með síðari breytingum.

Um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 gilda að öðru leyti en um getur í 1. gr. þessara laga ákvæði l. nr. 40/1978 með síðari breytingum. Um innheimtu opinberra gjalda á síðari hluta ársins þ. á. m. um eindaga, dráttarvexti, ábyrgð, skyldur launagreiðanda og lögtaksrétt fer að öðru leyti en um getur í 2. og 3. gr. laga þessara eftir almennum reglum laga um innheimtu viðkomandi gjalda.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 24. júlí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1980

5. september 1980.

293

Nr. 66.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi hafi þegar orðið mikill samdráttur í innlendri framleiðslu þessara vara sem fyrirsjáanlega geti leitt til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tímabundið gjald. Gjaldið skal greiða af innfluttum vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Innflutningsgjald %
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	40
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a.	40
17.04.04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	40
17.04.05	Karamellur	40
17.04.06	Vörur úr gúmmi arabikum	40
17.04.09	Aðrar	40
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ.e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri	40
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	40
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ.m.t. konfekt	40
18.06.09	Annars	40
19.08.01—09	Kökur, kex og aðrar iburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	32

Við vöruflokkun til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu gilda flokkunarreglur laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

#### 2. gr.

Innflutningsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

## 3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, úrskurð um tollflokkun til gjaldskyldu, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi innflutningsgjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrir mæla settra samkvæmt lögum þessum.

## 4. gr.

Óheimilt er vegna álagningar innflutningsgjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

## 5. gr.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað skal varan tollafgreidd án greiðslu hins tímabundna innflutningsgjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan átta daga talið frá og með gildistökudegi laga þessara.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalds, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal greiða innflutningsgjald skv. 1. gr., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

## 6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu, eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum vöruflokkum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. mars 1982.

*Gjört í Reykjavík, 5. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1980

9. september 1980.

295

Nr. 67.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að ná fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Í stað orðanna: „starfsmenn aðildarféлага bandalagsins“ í 4. gr. laganna, komi orðin: Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarféлага bandalaganna.

#### 2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

#### 3. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

#### 4. gr.

Í 3. málsgr. 10. greinar falli niður orðin „fyrst um sinn“. Í 4. málsgr. 10. greinar breytist „30 ár“ í 32 ár. — Í 5. málsgr. 10. greinar breytist „20 ára“ í 16 ára.

#### 5. gr.

Við 11. grein laganna bætist: Sbr. einnig um sambúðarfólk 14. gr. hér á eftir.



## 6. gr.

Á eftir 1. málsgrein 12. greinar komi þrjár nýjar málsgreinar, sem orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyrir fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsgr., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsgr., getur valið, ef hann kys svo, að neyta þess réttar, skv. næstu málsgr. hér á eftir, fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

## 7. gr.

3. málsgr. 12. greinar, sem verður 6. málsgrein, orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

## 8. gr.

Á eftir 6. málsgr. 12. gr., sem áður var 3. málsgr., kemur ný málsgrein sem hljóðar þannig:

Hafi sjóðfélagi gegnt herra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það herra launaða starf sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

## 9. gr.

Á eftir 12. grein laganna bætist ný grein sem nefnist 12. gr. a svohljóðandi:

## 12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

**Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.**

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

**Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.**

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

#### 10. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

#### 11. gr.

Við 25. grein laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum (verðtryggðum).

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3., 8. og 9. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 7. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga  
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að ná fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Við 1. málsg. 1. greinar laganna bætist: Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannabágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignastofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

#### 2. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

#### 3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, svohljóðandi:

### X. KAFLI

#### 47. gr.

Þeir félagar BSRB sem ekki njóta ákvæða 14. gr. nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

#### 48. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákvæða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hlíðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft

skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmast gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við löginn bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

### IX. KAFLI.

33. gr.

Deir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

## 34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1980

---

---

26. september 1980.

301

Nr. 70.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 26. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

**(L. S.)**

*Gunnar Thoroddsen.*

28. september 1980.

Nr. 71.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 28. september 1980.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1980

---

Nr. 72.

302

4. október 1980.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 4. október 1980.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 73.

26. nóvember 1980.

## LÖG

um tekjustofna sveitarfélaga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 13. 9. apríl 1980 um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga hef látið fella ákvæði hinna fyrrnefndu laga inn í meginmál laga nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga ásamt síðari breytingum og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.
- d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

##### 2. gr.

Auk tekna samkvæmt 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

## II. KAFLI

### Um fasteignaskatt.

#### 3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera svo sem hér segir:

- a.  $\frac{1}{2}\%$  af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði.
- b. 1% af öllum öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr.

Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs, og skal sleppa því, sem umfram er.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna.

Gjaldtagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu.

#### 5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómsundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.



## 6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað, að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. mgr. 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

## 7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## III. KAFLI

## Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

## 8. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
- b. Að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
- c. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær voru inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag, sbr. 15. gr.
- e. Að greiða fólksfækkunarframlag, sbr. 16. gr.
- f. Að greiða 1% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem skiptist jafnt á milli þeirra.
- g. Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.
- h. Að greiða útgjöld samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

## 9. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði, sem nemur 8% af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.  
Framlagið greiðist Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
- b. Landsútsvör samkvæmt 10.—12. gr. laga þessara.

## 10. gr.

Landsútsvör greiða:

- a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b. Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
- c. Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Ferðaskrifstofa ríkisins.
- d. Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.
- e. Bankar.

## 11. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkvæmt 10. gr. a.
- b. 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 10. gr. b.
- c. 10% af tekjum stofnana þeirra, sem um ræðir í 10. gr. c., sbr. 23. gr. laga þessara.
- d.  $1\frac{1}{3}$ % af heildarsölu olíufélaga, sbr. 10. gr. d.
- e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. e.

## 12. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 10.—11. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

## 13. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs, sbr. 9. gr., að frádregnum útgjöldum samkvæmt stafliðum b og d—h í 8. gr., koma til úthlutunar til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Öðru úthlutunarfé skal skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samantöldum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 8. gr. d.

Landsútsvar samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

## 14. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. mars 1961, og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr., fyrr en skil hafa verið gerð.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

## 15. gr.

Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

Enn fremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er:

- a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,
- b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11/1975.
- c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um umsókn um aðsýnleg gögn um þörf aukaframlags, svo sem ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun líðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. stafliðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafist sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c-lið.

Við ákvörðun aukaframlags til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

#### 16. gr.

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

#### 17. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga, greiðslur samkv. 8. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

#### 18. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

#### 19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af ríkisendurskoðuninni.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 20. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 9.—12. gr.

### IV. KAFLI

#### Um útsvör.

#### 21. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

#### 22. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

## 23. gr.

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.

Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Frá útsvarsskyldum tekjum manna, sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga gjöld þau af sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.

Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.—65. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

## 24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978 gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

## 25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðsins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978, skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., sbr. þó 7.—9. mgr. þeirrar greinar.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

## 26. gr.

Hjá þeim mönnum, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið, skal við álagningu lækka útsvarið um 35 000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfærenda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7 000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða, skal útsvar framfærenda lækkað að auki um 7 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfærenda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.

Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.—3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess, þá skal sá hluti lækkunar, sem umfram er, bætast við lækkun hjá hinu.

Hjá mönnum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári, skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma þeirra og barna þeirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.—8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

#### 27. gr.

Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978, fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim, sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

#### 28. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

#### 29. gr.

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni ríkissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns ríkissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundradshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundradshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

### 30. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978, skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

### 31. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafist viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera, og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafist gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

### 32. gr.

Hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt, og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna, er útsvarsgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

Þeir, sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausla menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Þeir, sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978, bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfsskuldarábyrgð.

Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sínu svo og fyrir útsvarsgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

## 33. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af útsvari til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

## 34. gr.

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbætti hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr.

## 35. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild í 34. gr. um hækkun útsvara, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti. Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

## V. KAFLI

## Um aðstöðugjald.

## 36. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþeginn aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Þeir sem um ræðir í 1.—4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félög, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978, að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Ólíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

Eftirtalin starfsemi er undanþeginn aðstöðugjaldi:

Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

## 37. gr.

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 en frá honum dregst tekjufærsla skv. sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinar-

gerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir, sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu, skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

## 38. gr.

Aðstöðugjald má eigi herra vera en hér greinir:

- a. Allt að 0.33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. Allt að 0.65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
- c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.
- d. Allt að 1.3% af öðrum atvinnurekstri.

## 39. gr.

Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

## 40. gr.

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur sinn ef:

- a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyrir þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.

## 41. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

## 42. gr.

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 43. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.



Nú verður ljóst, þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparissjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

## 44. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

## 45. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

## 46. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og maður, sem útsvarsskyldur er hér á landi samkvæmt 22. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi, og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn manns eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

## 47. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd laga þessara.

## 48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1980 vegna tekna og gjalda á árinu 1979. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. desember 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970.

### Ákvæði til bráðabirgða.

## I.

Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.

## II.

Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt skv. 2. og 4. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978. Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskirteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

## III.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.

## IV.

Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

*Gjört í Reykjavík 26. nóvember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## L Ö G

um málefni Flugleiða hf.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á láni sem nemur allt að 3 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður, á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjóri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr., og miðað við þær tekjur sem telja má að ríki og sveitarfélög hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafjäreign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. í allt að 20% hlutafjár.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánnum sem nema allt að 12 milljónum bandaríkjadala til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins.

## 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. október 1980. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds fyrirtækisins. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að fella niður stimpilgjöld af lánskjöllum sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727-200 á árinu 1980.

## 5. gr.

Við veitingu ríkisábyrgða skv. 1. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 26. nóvember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G****um þingfarar kaup alþingismanna.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Alþingismaður nýtur þingfarar kaups úr ríkissjóði. Þingfarar kaup greiðist frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir kjördag eða eftir að þingseta hefst og til síðasta dags þess mánaðar, er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrir fram að 1/12 hluta hvert sinn.

## 2. gr.

Alþingismaður, sem á lögheimili utan Reykjavíkur, en verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt að fá greiddan húsnæðiskostnað vegna þingstarfa, enn fremur dvalarkostnað um þingtímann.

Alþingismaður, sem gegnir þingmennsku í kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness og nýtur ekki greiðslu skv. 1. mgr., á rétt á að fá greiddan kostnað vegna dvalar í kjördæmi sínu. Landskjörinn þingmaður fær sama dvalarkostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

## 3. gr.

Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað milli heimilis síns og vinnustaðar.

Enn fremur á alþingismaður rétt á að fá endurgreiddan kostnað við þær ferðir aðrar er hann þarf að fara innanlands vegna starfs síns, nema um sé að ræða ferðalög innan kjördæmis hans, sem greitt er fyrir skv. 4. gr.

#### 4. gr.

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

Ákvæði í 1. málsg. taka ekki til ráðherra.

#### 5. gr.

Alþingismaður á rétt á að fá endurgreiddan póst- og símakostnað vegna þingstarfa.

#### 6. gr.

Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnað samkvæmt reikningi og dvalarkostnað þann tíma sem hann situr á þingi, svo og endurgreiddan ferða-, póst- og símakostnað skv. 3. og 5. gr.

#### 7. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna starfa á vegum ríkisstjórnarinnar eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnaður skv. 1. mgr. 2. gr. og ferðakostnaður samkv. 4. gr.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður og ferðakostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsg. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

#### 8. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum, er hann hættir þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

#### 9. gr.

Reglum um eftirlaun þingmanna skal skipað með sérstökum lögum.

#### 10. gr.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi.

#### 11. gr.

Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

#### 12. gr.

Kjaradómur skal ákveða þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðis- og dvalarkostnað skv. 2. gr. og ferðakostnað skv. 4. gr.

Ákvörðun Kjaradóms skal gilda frá 1. október ár hvert til 30. september næsta ár. Verði verulegar og almennar breytingar á launum, húsaleigu eða dvalarkostnaði opinberra starfsmanna á gildistíma ákvörðunar Kjaradóms skal Kjaradómur taka ákvörðun sína til endurskoðunar.

### 13. gr.

Skrifstofustjóri Alþingis skal úrskurða um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir skv. 3. og 5. gr.

Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofustjóra getur hann skotið honum til úrskurðar forseta Alþingis sem fella endanlegan úrskurð.

### 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna, lög nr. 72 3. maí 1965 og lög nr. 57 16. apríl 1971, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 111 30. desember 1978, um biðlaun alþingismanna.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal Kjaradómur taka til ákvörðunar þau atriði, sem honum ber að úrskurða um samkvæmt lögum þessum, og gilda þær ákvarðanir frá 1. maí 1980 til 30. sept. 1981.

*Gjört í Reykjavík 2. desember 1980.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1980

19. desember 1980.

317

Nr. 76.

## L Ö G

um manntal 31. janúar 1981.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Fara skal fram manntal um allt land miðað við 31. janúar 1981. Hagstofa Íslands sér um framkvæmd þess, með aðstoð sveitarstjórna samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í þessum lögum. Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Hver sveitarstjórn kveður teljara til starfa að framkvæmd á ákvæðum þessara laga eftir því sem þörf krefur, og getur enginn skorast undan að gegna slíkri kvaðningu, sem til þess er hæfur.

Sveitarstjórnir skulu hlíta almennum og sérstökum fyrirmælum Hagstofunnar um framkvæmd manntalsins, þar á meðal um frágang og skil á skýrslum til hennar og um annað, sem hér kemur til.

#### 2. gr.

Við manntal þetta er heimilt að óska upplýsinga umfram það, sem tíðkast hefur við fyrri aðalmanntöl, enda séu slík ný manntalsatriði ákveðin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og þá aðila aðra, sem talið er eðlilegt að fá til samráðs í þessu sambandi.

#### 3. gr.

Skrá skal á manntalsskýrslu alla, sem eiga sólarhringsdvöl í viðkomandi hús-næði eða vistarveru 31. janúar 1981, hvort sem þeir eiga þar lögheimili eða ekki. Þá skal og skrá alla, sem eiga lögheimili á viðkomandi stað 31. janúar 1981, en eru fjarverandi.

Allir Íslendingar í skólanámi eða öðru námi erlendis skulu ásamt skylduliði, ef nokkurt er, skráðir á manntal, nema fyrir liggi, að þeir séu afluttir til útlanda. Námsmenn erlendis skulu skráðir á manntal þar, sem nánasta venslafólk þeirra hér-lendis er, nema ástæða sé til að skrá þá annars staðar. Á sama hátt skal, eftir reglum, sem Hagstofan setur, skrá á manntal aðra Íslendinga erlendis, ef talið er, að þeir muni aftur setjast að á Íslandi.

Skrá skal á manntalsskýrslu allt starfslið og alla farþega á íslenskum farskipum og fiskiskipum hvar sem þau eru stödd hinn 31. janúar 1981, samkvæmt nánari ákvörðun Hagstofunnar. Skipstjóri hvers skips er ábyrgur fyrir því, að þessi skráning fari fram á fullnægjandi hátt, og hlutaðeigandi skipaútgerð ber að standa skil á skýrslum til Hagstofunnar.

Hver maður er skyldur til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal, og til að láta í té allar þær upplýsingar um sig, sem skýrslueyðublað segja til um.

#### 4. gr.

Fyrir sérhvern einstakling fæddan á árinu 1968 eða fyrr skal gera skýrslu, þar sem skráð er nafn hans, fæðingardagur og aðrar manntalsupplýsingar, nema þær, sem rétt þykir að taka úr þjóðskrá.

Á annarri skýrslu, er gerð skal fyrir hverja íbúð og hvers konar aðra vistarveru, skal telja alla einstaklinga í henni án tillits til aldurs, gera grein fyrir fjölskyldu- tengslum þeirra innbyrðis og hvar þeir dveljast á manntalsdegi. Á sama skýrslueyðublaði skal láta í té upplýsingar um, hvernig umráðum viðkomandi íbúðar eða annarrar vistarveru er varið, um stærð hennar og staðsetningu í húsi, og hvernig hún er búin til heimilishalds, svo og um bifreiðarumráð.

#### 5. gr.

Hver einstaklingur fæddur 1964 eða fyrr er skyldur til að gera um sig þá skýrs. 1, er um ræðir í fyrri málsg. 4. gr.

Hver umráðamaður húsnæðis skal sjá svo um, að skýrsla sú, er um ræðir í fyrri málsg. 4. gr., sé gerð fyrir hvern einstakling fæddan á árabílinu 1965 til 1968, sem er í íbúð hans. Honum ber og að annast um, að skýrsla þessi sé gerð fyrir alla fjarverandi einstaklinga, þar á meðal fyrir þá, sem dveljast erlendis og skulu teknir á skýrslu (sbr. 2. málsg. 3. gr.), og það jafnt þótt þeir séu ekki taldir heimilisfastir hér á landi. Hver umráðamaður húsnæðis skal og beita sér fyrir því, að skýrsla þessi sé látin í té fyrir alla einstaklinga í íbúðinni, sem fæddir eru 1968 eða fyrr, og að hafa þær allar tiltækar á tilsettum tíma.

Hver umráðamaður húsnæðis skal gera skýrslu þá, er um ræðir í síðari málsg. 4. gr., eða láta teljara í té tilskildar upplýsingar til færslu á eyðublaðið, eftir því hvaða hátt sveitarstjórn kys að hafa á gerð þessarar skýrslu, sbr. fyrri málsg. 7. gr.

Skyldur þær, sem lagðar eru á umráðamenn húsnæðis í þessari grein, hvíla á hliðstæðan hátt á forstöðumönnum elliheimila, sjúkrahúsa, barnaheimila, heima- vistarskóla og hvers konar annarra stofnunarheimila.

#### 6. gr.

Gera skal skýrslu um hvert hús, sem búið er í eða ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti, með upplýsingum um byggingarár þess, gerð og afnot, og um staðsetningu íbúða í því. Enn fremur um upphitunargjafa, tengingu hússins við almenningsveitur og um sorphreinsun.

Eftirfarandi ákvæði gilda um skyldur aðila til að gera skýrslu þá, er um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar:

- a) Ef hús er í eign eins aðila, ber honum að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.
- b) Sé hús í eign fleiri en eins aðila og húsfélag er í því, ber fyrirsvarsmanni þess að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.
- c) Sé hús í eign fleiri en eins aðila án þess að húsfélag sé í því, skal íbúðarhafi á fyrstu hæð þess gera þessa skýrslu og standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981. Sé ekki íbúð á fyrstu hæð hússins eða hún er auð, hvílir þessi skylda á íbúðarhafa á næstu hæð, sem búið er á ofan við fyrstu hæð, eða, ef svo ber undir, á íbúðarhafa í kjallara hússins.

Eyðublað undir skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., má bera til íbúðarhafa á fyrstu hæð húsa, sem búið er í, eða til íbúðarhafa annars staðar í húsinu eftir sömu

reglu og ákveðin er í c-lið 2. málsg. Ber viðtakanda eyðublaðsins að koma eyðublaðinu í hendur þess aðila, er gera skal skýrsluna (sbr. ákvæði 2. málsg.), nema sú skylda hvíli á honum sjálfum.

Nú fær aðili, er um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., ekki eyðublaðið til skýrslugerðar um hús, og skal hann þá afla sér þess hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 30. janúar 1981.

Eigandi eða eigendur húss, sem ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti en ekki er búð í á manntalsdegi, skal gera skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., og skila henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.

#### 7. gr.

Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð á framkvæmd manntalsins í umdæmi hennar að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu.

Skráning fari fram á manntalsdegi. Teljarar skulu hraða söfnun skýrslna eins og verða má, og skal því verki lokið eigi síðar en 7. febrúar 1981.

#### 8. gr.

Við söfnun manntalsskýrslna ber teljurum að fara yfir allar skýrslur, sem þeir hafa ekki sjálfir fært, og bæta úr göllum á gerð og frágangi þeirra eins og frekast er unnt. Hagstofan setur nánari reglur um tilhögun þessarar yfirferðar og lagfæringar teljara á manntalsskýrslum, og ber sveitarstjórnnum að fylgja þeim eftir með öllum tiltækum ráðum.

#### 9. gr.

Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt. Úrvinnslu manntalsskýrslna skal Hagstofan einnast, og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.

#### 10. gr.

Brot gegn þessum lögum varða sektum allt að 500 nýkrónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 4 18. maí 1920 um manntal á Íslandi.

*Gjört í Reykjavík 19. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1980

Nr. 77.

320

23. desember 1980.

## L Ö G

### um vörugjald

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald. Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum af vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo sem kveðið er á um í eftirfarandi gjaldskrá:

#### A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 7% gjald:

Tollskrárn.	Vöruheiti
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur
17.04.03	Brjóstsýkur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.
17.04.04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað
17.04.05	Karamellur
17.04.06	Vörur úr gúmmi arabikum
17.04.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 17.04., ót. a.
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt
18.06.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðis og ís húðaður með súkkulaði
úr 19.08.03	Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd
úr 19.08.04	
úr 19.08.09	
21.07.04	Sælgæti sem í er hvorki sykur né kakaó

#### B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

Tollskrárn.	Vöruheiti
úr 20.07	Efni tilreidd til framleiðslu á vörum sem falla undir nr. 22.02 samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins
úr 21.07	
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.02.01	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07
og 22.02.09	
22.03.01	Öl gert úr malti
og 22.03.09	

**2. gr.**

Vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum en á verksmiðjuverð innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Við skil í ríkissjóð á vörugjaldi samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu vörugjaldi vegna sölu eða annarrar afhendingar það vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt samkvæmt lögum þessum við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

**3. gr.**

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

**4. gr.**

Vörugjaldsskyldir vegna innlendar framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vörum sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum eru allir þeir aðilar sem hafa með höndum einhvern slíkan atvinnurekstur eða starfsemi.

Aðilar þeir sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu innan eins mánaðar frá því að lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir um rekstur sinn eða starfsemi. Aðilar sem hefja gjaldskyldan rekstur eða starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi skulu tilkynna það með sama hætti um leið og starfsemi hefst.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim, sbr. 6. gr., um álagningu, gjalddaga, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um flokkun hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

## 5. gr.

Óheimilt er vegna álagningar vörugjalds samkvæmt lögum þessum að hækka verð vörubirgða sem vörugjald samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald hefur verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum nema þyngri refsingar eða viðurlög liggi við samkvæmt ákvæðum annarra laga.

## 6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð eða öðrum fyrirmælum kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, sbr. 3. og 4. gr. Í reglugerð má m. a. ákveða að leggja megi á og innheimta í einu lagi vörugjald samkvæmt lögum þessum og sérstakt vörugjald samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöru gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 16. mars 1979 um vörugjald.

## Ákvæði til bráðabirgða

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1981 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1981 skal hins vegar innheimta gjald skv. 1. gr. þessara laga af vörum sem ótollafgreiddar voru hinn 31. desember 1980.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal í stað vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald greiða vörugjald skv. 1. gr. laga þessara nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

Af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. eiga hinn 31. desember 1980 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald og kemur greiðsla gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra laga í stað greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum þessara laga þrátt fyrir að sala eða afhending fari fram eftir 1. janúar 1981, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollyfirvalds um stöðu birgða hinn 31. desember 1980. Skal gjaldi þessu skilað ásamt gjaldi vegna sölu eða afhendingar í desember eigi síðar en 1. febrúar 1981, ásamt skýrslu um vörusölu í desember 1980 svo og skýrslu um magn og verksmiðjuverð birgða í árslok.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðan mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

*Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.*

Vigdís Finnbogadóttir.  
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

## L Ö G

### um jöfnunargjald.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 3% jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar og fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Sama skal gilda um innfluttar vörur upprunnar í öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. nefndra laga til samræmis við tolltaxta tollskrárnúmera sem nefndir samningar taka til.

Jöfnunargjald skv. 1. mgr. skal einnig innheimt af innfluttum vörum sem tollar hafa verið felldir niður af án tillits til uppruna skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, enda falli vörur þessar undir tollalækkunar-ákvæði samninga þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og sams konar eða hliðstæðar vörur séu framleiddar hér á landi.

#### 2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjald af gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

**3. gr.**

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð eða með öðrum fyrirætlum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

**4. gr.**

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skuli gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**5. gr.**

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

*Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G**

**um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

## 2. gr.

Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskilyt að taka við greiðslum í minni einingu en heilum krónum.

## 3. gr.

Ákvæði 2. gr. eiga einnig við um innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi hafa verið innheimt fyrir það tímamark. Standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku laga þessara skal lækka þá fjárhæð niður í næstu heila krónu og innheimta þannig.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1981 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskránum greiðist 24% gjald:

## 2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi, en á verksmiðjuverð innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi að viðbættu vörugjaldi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendra framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð

eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

### 3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollfrjáls er eða undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti skv. 2.—4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. eða heimildum í öðrum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur skv. 1. málslið þessarar málsgreinar og má þar einnig heimila endurgreiðslu sérstaka vörugjaldsins sé slíkt heimilt að því er tolla varðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Nú er vara tollfrjáls skv. 1. gr. nefndra tollskrárlaga og ákvæði 1. málsliðar þessarar málsgreinar eiga því ekki við og getur ráðherra þá í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað niðurfellingu eða endurgreiðslu sérstaks vörugjalds í sömu tilvikum og um ræðir í 2. til 3. gr. tollskrárlaga.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við

Að því leyti sem eigi er ákvæðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvöruhegrymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

### 4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tíma-  
bundið vörugjald.

*Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G**

**um álag á ferðagjaldeyri.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nem-  
enda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

a-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi í heilli krónu skal færa gjaldið upp í næstu heila krónu ef um er að ræða 50 auro eða meira en ella skal færa það niður í næstu heila krónu.

Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 1 kr.



## 2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara. Skulu þeir inna stimplunina af hendi endurgjaldslaust.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald, bókfærslu gjaldsins og aðra framkvæmd sem það kann að setja.

Þeir aðilar, sem fengið hafa heimild fjármálaráðuneytisins til þess að staðfesta greiðslu stimpilgjalds á annan hátt en þann að líma stimpilmerki á skjal, sbr. 3. mgr. 10. gr., skulu gera viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skil á innheimtu stimpilgjaldi fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að stimplunin á sér stað, nema öðruvísi kunni að vera sérstaklega ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Mánaðarlegum stimpilgjaldsskilum skal fylgja skýrsla um stimpilgjaldsinnheimtuna í því formi sem ráðherra ákveður.

Skili þeir aðilar, sem um ræðir í 4. mgr. þessarar greinar, ekki innheimtu stimpilgjalda á gjalddaga skal þeim skylt að greiða dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

## 3. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og þau erfðafestubréf sem veita rétt til að selja eða veðsetja.

## 4. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 20 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

## 5. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Nú eru gefin út ný hlutabréf í stað eldri hlutabréfa og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða stimpilgjald af þeim hlutabréfum sem úr gildi eru felld.

## 6. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 100 kr.

## 7. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 10 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

## 8. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 0,25% af hverju byrjuðu þúsundi af fjárhæð skjalsins.

## 9. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabilið, er iðgjald-

greiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda skv. 16. gr. eða flutnings réttinda til annars lífeyrissjóðs skv. 17. gr.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

#### 16. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem hverfur úr sjóðnum í lifanda lífi vegna brottflutnings úr landi og ekki á rétt á elli- eða örorkulífeyri, á rétt á að fá endurgreiðdan iðgjaldahluta launþega (4% iðgjald) sem hann hefur greitt til sjóðsins. Endurgreiðsla skal þó ekki eiga sér stað ef hlutaðeigandi hefur öðlast áframhaldandi geymdan rétt til elli-, örorku- og makalífeyris, annaðhvort samkvæmt:

- a. síðasta málslið 3. málsg. 15. gr. þannig að áunnin stig séu a. m. k. 3,
- b. samkomulagi, er sjóðurinn hefur gert við aðra lífeyrissjóði um samlagningu áunninna réttinda, eða
- c. ákvæðum milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Endurgreiðsla vegna þess almanaksárs, er hún á sér stað, skal vera í samræmi við innborganir, en iðgjöld vegna fyrri ára skulu reiknuð í samræmi við áunnin stig og grundvallarlaun næstliðsins almanaksárs án vaxta og án tillits til hvenær stiginn voru áunnin.

Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsg. 9. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

#### 17. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn hans heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með sömu vöxtum og sjóður sá er við tekur greiðir er iðgjöld eru flutt úr honum. Sama gildir ef sjóðfélagi kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru keypt, eins og samkvæmt þessum lögum.

Fé sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum sem það er yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings síns, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

#### 18. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má vikja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

#### 19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur

til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn barst sjóðnum.

Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

## 20. gr.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

## 21. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

## 22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og tekur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda þá við eignum og skuldum og öllum verkefnum Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalds.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða.

Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir í 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

## um biskupskosningu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

## 2. gr.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga:

1. Allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þ. á m. prestar þeir er 6. gr. 2. málsgr., 7. gr. 1. málsgr., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970 taka til, þjónandi vígslubiskupar og biskup, kennarar guðfræðideildar, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandidatar, og



biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkju á vegum kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.

2. Kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjubingi, þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmenn, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjubingsmenn.

3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi, kjörnir af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til 4 ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

### 3. gr.

Biskupskosning skal vera skrifleg og leynileg.

Þriggja manna kjörstjórn fer með yfirstjórn, undirbúning og framkvæmd biskupskosningar. Formaður hennar er ráðuneyttisstjórinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en varamaður hans skrifstofustjórinn í sama ráðuneyti. Aðalfundur Prestafélags Íslands tilnefndir annan kjörstjórnarmann til 4 ára í senn, svo og varamann. Kirkjumálaráðherra skipar þriðja manninn og varamann hans til 4 ára í senn.

Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir biskupskosningu, og skal hún liggja frammi á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, í 4 vikur, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar.

Kjörstjórn úrskurðar um kosningarrétt samkvæmt lögum þessum, svo og um gildi einstakra atkvæðaseðla, og enn fremur um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má, innan viku frá því er hann gekk, skjóta til kirkjumálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar.

### 4. gr.

Kjörstjórn sendir þeim, sem kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

Kjósandi ritar á kjörseðil nafn eins biskupsefnis. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Setur hann seðilinn síðan í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsg., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti.

### 5. gr.

Kærur út af kosningunni skulu hafa borist kjörstjórn innan viku frá því, er fresti lauk til að skila atkvæðaseðlum, og úrskurðar kjörstjórn þær. Að svo búnu telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar þau, nema kosning sé úrskurðuð ógild. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk, og leysir hann úr málinu til fullnaðar.

### 6. gr.

Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal þá kosið að nýju milli þeirra þriggja, sem flest fengu atkvæði. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða um þá, sem kosið er um. Sá er réttkjörinn, sem þá fær flest atkvæði. Nú verða atkvæði jöfn, og skal þá veita embættið öðrum hvorum þeirra, sem flest fengu atkvæðin, eða einum af þremur, ef þeir fá allir jöfn atkvæði.

Forseti Íslands skipar biskup.

## 7. gr.

Í reglugerð, sem kirkjumálaráðherra setur, skal mælt nánar fyrir um biskupskosningu.

## 8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981, og fer eftir þeim um kosningu biskups á árinu 1981. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21 27. júní 1921 um biskupskosningu.

Prófastar gangast fyrir því, þegar eftir gildistöku laga þessara, að leikmenn, sem sæti eiga á héraðsfundum, kjósi kjörmenn, sbr. 2. gr. 3. tölulið. Kirkjumálaráðherra getur heimilað, að stjórn Prestafélags Íslands tilnefni á árinu 1981 aðalmann og varamann í kjörstjórn biskupskosninga til þess tíma, er greinir í 3. gr. 2. málsg.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

**L Ö G**

um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar,  
nr. 67/1971, með síðari breytingum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ný grein komi, er verði 16. gr. og orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi, skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.
2. Foreldri, sem unnið hefur 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á  $\frac{2}{3}$  hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.
3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á  $\frac{1}{3}$  hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvisun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkuleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilvik skulu vera skv. 6. mgr. og 7. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis, eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.

## 2. gr.

Núgildandi 74. gr. falli niður.

## 3. gr.

Lög nr. 56/1975 um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), falli úr gildi.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1981.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en skv. lögum þeim sem taka gildi 1. jan. 1981.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistrygginga-sjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980 fæðingarorlof frá 1. janúar 1981 að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

31. desember 1980.

Nr. 98.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „starfsmenn aðildarféлага bandalagsins“ í 4. gr. laganna komi orðin: Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarféлага bandalaganna.

#### 2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjú stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kys formann úr sínum hópi til eins árs í senu. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

#### 3. gr.

1. málgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

#### 4. gr.

Í 3. málgr. 10. greinar falli niður orðin „fyrst um sinn“. Í 4. málgr. 10. greinar breytist „30 ár“ í 32 ár. — Í 5. málgr. 10. greinar breytist „20 ára“ í 16 ára.

#### 5. gr.

Við 11. grein laganna bætist: Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.

#### 6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert starfsár frá því að iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963, 12. gr., 2. málgr., sbr. lög nr. 101/1943, 12. gr. og lög nr. 11/1959, 1. gr., 2. málgr. getur valið ef hann kys svo, að neyta þess réttar skv. næstu málgr. hér á eftir fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr. veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn uns greindu tímamarki er náð.

Uppbæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppþót skv. kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár. Ella skal miða það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppþót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppþót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfs-hæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því levstur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

### 7. gr.

Á eftir 12. grein laganna bætist ný grein sem nefnist 12. gr. a svohljóðandi:

#### 12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hvernar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnt réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförunum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

#### 8. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngöðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Örorkumat tryggingayfirlæknis skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförunu.

#### 9. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna hljóði svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 32 ár eða skemmri, er hundraðshluti þess 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

#### 10. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði

þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

#### 11. gr.

Í stað fjögurra fyrstu málsl. 17. gr. laganna komi:

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.

#### 12. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánnum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánnum (verðtryggðum).

#### 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3. gr., 7. mgr. 6. gr. og 7. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 6. mgr. 6. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

## L Ö G

### um meinatækna.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

#### 2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá meina-  
tæknadeild Tækniskóla Íslands.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.

Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggja umsögn Meinatæknafélags Íslands. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Meinatækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

6. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

7. gr.

Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um meinatækna gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur lækna- laga nr. 80 23. júní 1968 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurfengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota meinatækna.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.



## L Ö G

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

## 2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða kuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar kuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð kuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Kuldbindingar ríkissjóðs, ásamt kuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig kuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Kuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Kuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskirteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Kuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.

## 3. gr.

Niður falli síðasti málslíður 20. gr. laganna.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Tómas Árnason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð  
sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en togurum yfir 500 brúttórúmllestir að stærð. Rétt til greiðslna úr áhafnadeild eiga ennfremur:

- a) Hlutarráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á.
- b) Skipverjar á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en fjóra mánuði á ári, og að eigendur þeirra tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.
- c) Skipverjar á opnum vélbátum. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en þrjá mánuði á ári, að bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að eigendur þeirra fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í b-lið. Ennfremur skulu eigendur þeirra framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um, að fullnægt sé reglum um öryggisbúnað.

Fæðisgreiðslur á þessum bátum séu greiddar á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert fyrir hvern áhafnar meðlim á hvern úthaldsdag.

## 2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Áhafnadeild skal greiða til viðkomandi útvegsmanna hluta sjómanna af fæðiskostnaði samkvæmt 15. gr. og standi þeir skil á honum til sjómanna.

Með reglugerð skal setja ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna eftir sérstakri flokkun fiskiskipa, sem þar verður ákveðin.

Leita skal umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélags Íslands, um reglugerðina, áður en hún verður gefin út. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda frá 1. júní 1980.

Fjárhæðir þær, sem verða ákveðnar með reglugerðinni, skulu breytast með breytingum á matvörulið framfærsluvísitölu.

## 3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða úr áhafnadeild til togara, sem eru 500 brúttórúmllestir eða stærri, framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af útflutningsafurðum þessara togara.

## 4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 48 25. apríl 1973 og lög nr. 53 20. maí 1974.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Tómas Árnason.*

**L Ö G****um Grænlandssjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlandinga.

## 2. gr.

Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlandinga og Íslendinga.

## 3. gr.

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

## 4. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlandskan gjaldeyri.

## 5. gr.

Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kys þá hlutfallskosningu í saminuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

## 7. gr.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen*

## L Ö G

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. orðist svo:

C. TEKJUR

20. gr.

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.

2. gr.

2., 3. og 4. mgr. 21. gr. orðist svo:

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skal ákveðið framlag ríkisins næsta ár.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum í framlagi ríkisins, sem miðað er við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum ríkisins í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag ríkisins hafi verið of hátt eða of lágt, skal áætlað framlag ríkisins fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

3. gr.

3. gr. laga nr. 59/1978, sbr. 25. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um  
Fiskimálasjóð, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Í stað „2 000 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: 5 000 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Tómas Árnason.*

**L Ö G**

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku,  
sbr. lög nr. 99/1979 um breytingu á þeim.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóði svo:  
Ráðherra er þó heimilt að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí  
1981 að telja.

2. gr.

Í stað „1980“ í 16. gr. laganna komi: 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Hjörleifur Guttormsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 24 — 1980

29. desember 1980.

365

Nr. 106.

## FJÁRLÖG

fyrir árið 1981.

### A - HLU TI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

#### Greiðslufirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Kr.	Kr.
<b>Tekjur:</b>		
Beinir skattar .....	978 500 000	
Óbeinir skattar .....	4427 515 000	
Aðrar tekjur .....	108 765 000	5514 780 000
<b>Gjöld:</b>		
Samneysla .....	2258 601 420	
Neyslu- og rekstrartilfærslur .....	2306 711 470	
÷ Sértekjur stofnana .....	<u>99 232 370</u>	
Rekstrarliðir samtals .....	4466 080 520	
Stofnkostnaður, fjárfesting .....	366 920 750	
Fjármagnstilfærslur .....	624 473 500	<u>5457 474 770</u>
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld .....		57 305 230
<b>Lánahreyfingar</b>		
<b>Lánahreyfingar inn:</b>		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa ....	90 000 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé .....	140 000 000	
Önnur innlend fjáröflun .....	128 100 000	
Erlend lán .....	<u>283 840 000</u>	
Fjáröflun alls .....	641 940 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina .....	<u>50 000 000</u>	
Fjáröflun til A- og B-hluta .....	591 940 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun .....	<u>386 520 000</u>	
Ráðstafað til A-hluta .....	205 420 000	
Afborganir af veittum lánnum í A-hluta .....	1 000 000	206 420 000
<b>Lánahreyfingar út:</b>		
Hlutfé í Flugleiðum hf. ....	5 000 000	
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun .....	3 820 000	
Afborganir af teknum lánnum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands .....	100 000 000	
Aðrir .....	114 744 070	<u>223 564 070</u>
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir .....		17 144 070
<b>Viðskiptareikningar</b>		
Útstreymi umfram innstreymi .....		12 500 000
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur .....		<u>27 661 160</u>

2. gr.

Árið 1981 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

## Gjöld :

	Kr.	Kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins .....		32 360 970
01 Forsætisráðuneyti .....		44 023 710
101 Yfirstjórn .....	3 473 080	
102—902 Annað .....	40 550 630	
02 Menntamálaráðuneyti .....		792 672 980
101 Yfirstjórn .....	7 553 940	
201—885 Fræðslumál .....	720 828 540	
901—999 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ....	64 290 500	
03 Utanríkisráðuneyti .....		56 850 320
101—102 Yfirstjórn .....	8 140 160	
201 Löggæsla á Keflavíkurlflugvelli .....	10 475 790	
301—313 Sendiráð .....	21 730 960	
399—401 Alþjóðastofnanir .....	16 503 410	
04 Landbúnaðarráðuneyti .....		235 954 070
101—172 Yfirstjórn .....	5 036 140	
201—299 Búnaðarmál .....	222 076 670	
501—503 Skólar .....	8 841 260	
05 Sjávarútvegsráðuneyti .....		85 020 020
101 Yfirstjórn .....	2 740 450	
201—299 Útvegsmál .....	78 682 940	
901 Annað .....	3 596 630	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....		228 432 570
101—102 Yfirstjórn .....	3 925 660	
201—284 Dómgæsla, lögreglumál o. fl. ....	203 983 230	
301—373 Þjóðkirkjan .....	20 523 680	
07 Félagsmálaráðuneyti .....		173 362 820
101 Yfirstjórn .....	2 181 520	
271—272 Húsnæðismál .....	118 000 000	
301—999 Önnur félagsmál .....	53 181 300	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....		1820 090 070
101 Yfirstjórn .....	2 882 280	
271—274 Tryggingamál .....	1396 156 040	
301—399 Heilbrigðismál .....	417 081 030	
471—502 Annað .....	3 970 720	

Flutt

3468 767 530

## 3. gr.

Árið 1981 er ætlast til að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

## reikningur

## Tekjur:

		Kr.	Kr.
<b>Skattar</b>			
	<b>Beinir skattar</b>		
<b>Eignarskattar</b> .....			<b>152 000 000</b>
0 0100 Eignarskattur einstaklinga .....		60 000 000	
0 0110 Eignarskattur félaga .....		62 000 000	
0 0117 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði .....		22 000 000	
0 0140 Erfðafjárskattur .....		8 000 000	
<b>Tekjuskattar</b> .....			<b>826 500 000</b>
0 0120 Tekjuskattur einstaklinga .....	894 000 000		
Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds .....	283 000 000		
		611 000 000	
0 0124 Sjúkratryggingagjald .....		112 000 000	
0 0130 Tekjuskattur félaga .....		103 500 000	
	<b>Óbeinir skattar</b>		
<b>Gjöld af innflutningi</b> .....			<b>948 100 000</b>
Aðflutningsgjöld:			
0 0210 Aðflutningsgjöld .....	670 000 000		
Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .	33 500 000		
		636 500 000	
0 0240 Byggingariðnaðarsjóðsgjald .....		1 270 000	
0 0260 Innflutningsgjald af bensíni .....		168 000 000	
0 0270 Gúmmígjald .....		900 000	
0 0280 Innflutningsgjald af bifreiðum .....		90 000 000	
0 0220 Gjald af gas- og brennsluoliu .....		5 300 000	
0 0230 Jöfnunargjald .....		31 000 000	
0 0250 Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex .....		13 000 000	
0 0290 Hagnaður af sölu varnarliðseigna .....		2 130 000	

Flutt

1926 600 000



## Rekstrar-

## Gjöld:

		Flutt	Kr.	Kr.
				3468 767 530
				584 736 540
09	Fjármálaráðuneyti .....			
	101—104 Yfirstjórn .....	10 392 030		
	201—282 Toll- og skattheimta .....	48 744 530		
	381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun .....	69 280 110		
	402—999 Annað .....	456 319 870		
10	Samgönguráðuneyti .....			549 013 120
	101 Yfirstjórn .....	1 778 260		
	211 Vegamál .....	388 000 000		
	321—672 Önnur samgöngumál .....	159 234 860		
11	Iðnaðarráðuneyti .....			242 980 870
	101 Yfirstjórn .....	2 120 040		
	201—299 Iðnaðarmál .....	51 820 700		
	301—371 Orkumál .....	189 040 130		
12	Viðskiptaráðuneyti .....			407 305 240
	101 Yfirstjórn .....	2 519 190		
	201 Niðurgreiðslur .....	350 000 000		
	202—999 Annað .....	54 786 050		
13	Hagstofa Íslands .....			3 930 230
14	Ríkisendurskoðun .....			4 950 490
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun .....			195 790 750
	101—182 Yfirstjórn .....	4 931 540		
	991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir .....	190 859 210		

## Tekjur:

## reikningur

	Flutt	Kr.	Kr.
			1926 600 000
<b>Skattar af framleiðslu</b> .....			<b>412 500 000</b>
0 0611 Vörugjald .....	38 500 000		
0 0600 Álgjald .....	6 000 000		
0 0641 Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu .....	44 000 000		
0 0642 Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum .....	324 000 000		
<b>Skattar af seldri vöru og þjónustu</b> .....			<b>2719 330 000</b>
<b>Söluskattur:</b>			
0 0300 Söluskattur .....	1920 000 000		
Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ....	140 000 000		
	-----	1780 000 000	
0 0310 Orkujöfnunargjald .....	130 000 000		
<b>Skemmtanaskattar:</b>			
0 0621 Miðagjald til Menningarsjóðs .....		650 000	
0 0622 Skemmtanaskattur .....		5 150 000	
<b>Skattar af launagreiðslum:</b>			
0 0400 Launaskattur .....	267 000 000		
0 0410 Lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda .....	108 000 000		
0 0420 Slysstryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum .....	8 590 000		
0 0430 Iðgjald til Atvinnuleysisstryggingasjóðs .....	18 230 000		
<b>Rekstrarhagnaður ÁTVR:</b>			
0 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR .....	385 000 000		
0 0540 Gjald af einkasöluvörum .....	110 000		
0 0681 Flugvallagjald .....	14 000 000		
0 0892 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum .....	2 280 000		
0 0672 Sérleyfisgjald .....	300 000		
0 0671 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta .....	20 000		
<b>Aðrir óbeinir skattar</b> .....			<b>347 585 000</b>
<b>Aukatekjur og stimpilgjald:</b>			
0 0800 Stimpilgjald .....	97 000 000		
0 0810 Aukatekjur .....	17 000 000		
0 0820 Þinglýsingar .....	2 600 000		

Flutt

5406 015 000

**Gjöld :**

**R e k s t r a r -**

	Kr.	Kr.
<b>Flutt</b>		<b>5457 474 770</b>

Gjöld samtals .....	5457 474 770
Tekjur umfram gjöld .....	57 305 230
	<hr/>
<b>Samtals</b>	<b>5514 780 000</b>
	<hr/>

## reikningur

## Tekjur:

	Flutt	Kr.	Kr.
			5406 015 000
Ýmsir skattar af bifreiðum:			
0 0720	Bifreiðaskattur .....	65 200 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða .....	7 300 000	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða .....	4 500 000	
Ýmsir skattar af skipum:			
0 0831	Lestagjald .....	21 000	
0 0833	Vitagjald .....	180 000	
0 0832	Skipaskoðunargjald .....	210 000	
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:			
0 0841	Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyris- bankanna .....	37 000 000	
0 0842	Leyfisgjald .....	10 000 000	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda .....	27 500 000	
Aðrir óbeinir skattar:			
0 0884	Verðjöfnunargjald .....	63 000 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða .....	6 000 000	
0 0891	Skipulagsgjald .....	3 286 000	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald .....	3 736 000	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happraetti H. Í. ....	2 121 000	
0 0871	Prófgjald bifreiðastjóra .....	430 000	
0 0872	Prófgjald iðnema .....	350 000	
0 0895	Sérlyfjagjald .....	150 000	
0 0891	Hvalveiðigjald .....	1 000	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta .....			8 120 000
Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:			
0 1010	Afgjöld ríkisjarða .....	120 000	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn .....	1 000 000	
0 1020	Frihöfn, Keflavíkurflugvelli .....	7 000 000	
Ýmsar tekjur .....			100 645 000
Vextir og arður af hlutabréfum:			
0 2010	Vextir .....	88 000 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum .....	300 000	
Ýmsar tekjur:			
0 6991	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjón- ustu sýslumanna og bæjarfógeta .....	95 000	
0 2030	Sameignir ríkisins .....	1 000 000	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans .....	250 000	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs .....	9 000 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur .....	2 000 000	
Tekjur samtals			5514 780 000

## 4. gr.

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

	Kr.	Kr.
<b>101 Embætti forseta Íslands:</b>		
20 Laun .....	924 990	
2 Önnur rekstrargjöld .....	400 000	
4 Viðhald .....	95 420	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	6 400	
Gjöld samtals .....		1 426 810
<b>201 Alþingi:</b>		
20 Laun .....	18 486 940	
2 Önnur rekstrargjöld .....	7 509 040	
90 Yfirfærslur:		
94 Til einstaklinga og samtaka .....	762 050	
Gjöld samtals .....		26 758 030
<b>Viðfangsefni:</b>		
0102 Þingfararkaup alþingismanna .....	11 305 900	
0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður .....	11 400 940	
0104 Rekstrarkostnaður fasteigna .....	934 440	
0105 Útgáfukostnaður Alþingistiðinda .....	1 754 550	
0106 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings .....	99 680	
0107 Hús Jóns Sigurðssonar .....	354 620	
0108 Þingmannasamtök NATO .....	40 000	
0109 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka .....	762 050	
0110 Þingmannafundur Evrópuráðsins .....	105 850	
Gjöld samtals .....	26 758 030	
<b>301 Ríkisstjórn:</b>		
20 Laun .....	2 256 960	
2 Önnur rekstrargjöld .....	274 840	
Gjöld samtals .....		2 531 800
<b>401 Hæstiréttur:</b>		
20 Laun .....	1 618 080	
2 Önnur rekstrargjöld .....	26 250	
Gjöld samtals .....		1 644 330
	Samtals	32 360 970

## 01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa:	Kr.	Kr.
20 Laun .....	1 402 480	
2 Önnur rekstrargjöld .....	1 016 100	
4 Viðhald .....	237 500	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	9 000	
90 Yfirlærslur:		
94 Til einstaklinga og samtaka .....	808 000	
Gjöld samtals .....		3 473 080
<b>Viðfangsefni:</b>		
0101 Yfirstjórn .....	1 708 980	
0102 Stjórnarráðshús .....	138 600	
0103 Fálkaorðan .....	10 000	
0106 Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald ....	150 000	
0107 Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur ....	125 000	
0109 Ráðherrabústaður á Þingvöllum .....	42 500	
0110 Til Hrafnseyrar .....	300 000	
0111 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs ...	420 000	
0112 Öryggismálanefnd .....	500 000	
0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar .....	78 000	
Gjöld samtals .....	3 473 080	
<b>102 Þjóðhagsstofnun:</b>		
20 Laun .....	2 636 320	
2 Önnur rekstrargjöld .....	700 000	
4 Viðhald .....	10 000	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	12 000	
Gjöld samtals .....	3 358 320	
0 Sértekjur .....	1 679 160	
Mismunur .....		1 679 160
<b>171 Bygðasjóður, framlag:</b>		
90 Yfirlærslur:		
91 Til fyrirtækja í B-hluta .....	37 500 000	
Gjöld samtals .....		37 500 000

**901 Húsameistari ríkisins:**

	Kr.	Kr.
20 Laun .....	2 015 910	
2 Önnur rekstrargjöld .....	242 830	
4 Viðhald .....	16 000	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	<u>55 000</u>	
Gjöld samtals .....	2 329 740	
0 Sértekjur .....	1 500 000	
Mismunur .....		829 740

**Viðfangsefni:**

0101 Yfirstjórn .....	564 950
0102 Teiknistofa .....	1 514 420
0103 Byggingareftirlit .....	<u>250 370</u>
Gjöld samtals .....	2 329 740

**902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**

20 Laun .....	259 690	
2 Önnur rekstrargjöld .....	146 040	
4 Viðhald .....	60 000	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður .....	<u>196 000</u>	
Gjöld samtals .....	661 730	
0 Sértekjur .....	120 000	
Mismunur .....		541 730
	<hr/> Samtals	44 023 710

## 02 Menntamálaráðuneyti

	Kr.	Kr.
<b>101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa:</b>		
20 Laun .....	5 191 390	
